




Verðlauna- myndir 2012



Morgungjöf BÍ

Yfirskrift, ráðstefnumnar var Fjölmíðlar og kynbáttardómar og umræður og kringlaðar um ljúteverk og sýslur fjölmála fjölskráringar og samféla. Einnir sáaranna á að ölmíðlar og að enur eglar samfö og tryggjað innflytjum og minni státtum og gætt undir höfuð og öðum samfélags- hópum. Aðar miðja á að fjölmíðlar gegnu aðhalds- verki gagnvart sjálfvöldum fyrir og innflytjenda eins og annarra samfélagshópa þótt raddir þeirra væru ekki eins há-



Fyrsta verkfallið

-Tjáningarfrelsi er ekki frekar en önnur frelsisréttind. Þetta segir dómstóllinn í þessum sama dómi að fyrir- mæli um að hvern og einn sé heimildarmaður að frásögn stríði gegn 10. grein Mannréttindasáttmála Evrópu nema önnur veigarnir sjónarmið eigi við. Slíkar takmarkanir kalli þó á mjög gaumgæfilega athugun. Í Goodwin málinu taldi dómstóllinn að brotið hefði verið gegn áttmáls. Málavextir voru þeir að William Goodwin,

• Hlutlægni og útsjónarsemi

• Blaðamannatal

• Kjarakönnun Ánægja í starfi

• Blaðamanna- verðlaun 2012

• Siðadomar

• Um ritstjórnar- legt sjálfstæði



EFNI BLAÐSINS



Umræðan

- 4** Björn Vignir Sigurpálson:
Fimmtíu ár frá fyrsta verkfalli Blaðamanna-
félags Íslands
- 8** Sigurður Már Jónsson:
Hlutlægni og útsjónarsemi
- 10** Birgir Guðmundsson:
Ritstjórnarlegt sjálfstæði blaðamanna

Félagið

- 13** Gaf öll tölublöð Fálkans
- 14** Blaðamenn ánægðir í starfi
- 16** Morgungjöf til lýðveldisins
- 20** Vísir að blaðamannatali
- 22** Kjarakönnun

Blaðamannaverðlaun

- 24** Tilnefningar dómnefndar:
Blaðamannaverðlaun 2012
- 25** Verðlaunahafar og rök dómnefndar

Verðlaunamyndir

- 26** Verðlaunamyndirnar 2012
- 31** Myndir ársins 2012
- 32** Blaðamannaverðlaun í áratug

Útgefandi: Blaðamannafélag Íslands

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Birgir Guðmundsson (birgirg@unak.is).

Prófarkalestur: Bragi V. Bergmann (bragi@fremri.is)

Útlitshönnun: Ásprent

Prentun: Ásprent

Skrifstofa Blaðamannafélagsins

er í Síðumúla 23, 108 Reykjavík. Sími 553-9155

Bréfsími 553-9177

Netfang **bi@press.is**

Heimasíða Bí **www.press.is**

Skrifstofan er opin alla virka daga frá kl. 9.00-16.00.

Starfsmenn Bí eru Hjálmar Jónsson, formaður, og Jóna

Th. Viðarsdóttir, skrifstofustjóri.



Úrskurðir

36 Úrskurðir síðanefndar

45 Félagatal

Forsíðumyndin

er mynd ársins 2012 sem Kjartan Þorbjörnsson
tók

Blaðamenn og Blaðamannafélagið

Þær miklu þjóðfélagsbreytingar sem orðið hafa á Íslandi á síðustu tveimur áratugum eða svo og eru stundum kenndar við uppýsingasamfélagið, hafa gjörbreytt stöðu blaðamanna og þeim væntingum sem gerðar eru til þeirra. Í margvíslegu flæði áreitiss sem hinn venjulegi maður býr við á hverjum degi er hlutverk blaðamanna að vinsa úr, draga fram og staðreyna það sem skiptir máli, setja það í samhengi og koma því á framfæri með skilmerkilegum hætti. Þetta er ekki lítið hlutverk þegar á það er litið að allur þorri fólks byggir heimsmynd sína og hugmyndir um samfélagið og sjálf sig á þessum „fjölmíðlaveruleika“. Það er því ekki óeðlilegt að auknar kröfur og ný viðhorf séu nú uppi gagnvart þeim sem fyrst og fremst búa til þennan veruleika.

Almennt séð hafa íslenskir blaðamenn staðið undir þessum kröfum og væntingum og íslensk blaðamennska stendur að mörgu leyti traustum fótum. Þetta má meðal annars sjá á þeim breiða fjölda sem síðasta áratug hefur fengið tilnefningu til Blaðamannaverðlauna BÍ. Í yfirlitsgrein sem birt er hér í blaðinu kemur glögglega fram að sú blaðamennska sem talin er verðskulda tilnefningar til verðlauna er ekki bundin við einn tiltekinn eða einhverja örfáa miðla, heldur er slík blaðamennska stunduð mjög víða. Því ber að fagna og sýnir – öfugt við það sem oft heyrist í dægurumræðunni – að íslenskir blaðamenn eru almennt vandvirkir og faglegir í störfum sínum.

Blaðamenn á Íslandi eru auk þess almennt ánægðir í starfi, og eru að vinna við það sem þeir hafa áhuga á. Slíkt er gríðarlega mikilvægt ef gera á raunhæfa kröfu til þeirra um faglegan metnað. Í nýrri kjarakönnun sem unnin var fyrir Blaðamannafélagið og gerð er ítarleg grein fyrir í blaðinu kemur fram almennt starfsánægja hjá blaðamönnum. Þessi ánægja er til staðar þrátt fyrir að starfskjör og starfsaðstæður séu oft mjög erfiðar. Segja má að sú mikla ábyrgð sem í vaxandi mæli er skilgreind yfir á starfssvið blaðamanna og krafa um fagleg vinnubrögð hafi ekki skilað sér í sambærilegum vexti í launakjörum og skilgreiningum á ábyrgð. Blaðamenn hafa ekki og vilja ekki skjóta sér undan kröfum um fagmennsku og ábyrgð. Hins vegar er eðlilegt að slíku fylgi þá starfskjör við hæfi.

Það kemur í hlut Blaðamannafélagsins sem stéttarfélags að sækja leiðréttingar á launakjörum þegar samningar losna í haust. Félagið býr að langri reynslu í slíku og hefur á að skipa harðsnúnu samningaliði, sem fullvist má telja að sækji það sem frekast er hægt. En hlutverk félagsins er aðeins að öðrum þræði að vera stéttarfélag í kjaralegum skilningi. Félagið er líka fagfélag, en í því felst að félagið vinnur stöðugt að því að efla fagleg vinnubrögð og fagvitund félagsmanna – að efla blaðamenn sem fagstétt. Á því sviði eru verkefni mörg. Samfara almennum breytingum á umhverfi fjölmiðla í landinu hefur ýmsum boltum verið kastað á loft og einn þeirra er að fylgja eftir reglum og samningum sem kveðið er á um í fjölmiðlalögum um ritstjórnarlegt sjálfstæði. Þetta verkefni hefur stjórn félagsins tekið föstum tókum eins og fram kemur í grein hér í blaðinu. Eflaust mun forystan þurfa að vakta mun fleiri bolta af þessu tagi sem grípa þarf á lofti á næstunni.

Mikilvægur hluti fagfélags með sjálfsvirðingu er að sinna sögu sinni og sögu fagsins, halda henni til haga og læra af henni. Átak hefur verið gert í þessum efnum á vegum Blaðamannafélagsins eins og sjá má í þessu hefti blaðsins. Að þessu leyti er verið að feta blaðið inn á breyttar slóðir líkt og boðað hafði verið í síðasta blaði, þó útlitsbreytingar muni taka lengri tíma.

Birgir Guðmundsson

STJÓRN BLAÐAMANNNAFÉLAGS ÍSLANDS

Aðalstjórn:

Hjálmar Jónsson, form.
Óli Kristján Ármannsson, Fréttablaðið, varaform.
Egill Ólafsson, Morgunblaðið, gjaldkeri
Rakel Ósk Sigurðardóttir, Birtingur
Helga Arnardóttir, Stöð 2
Erla Hlynsdóttir, Fréttatíminn

Varamenn:

Sólrun Ragnarsdóttir, DV
Ragnhildur Aðalsteinsdóttir, Birtingur
Höskuldur Kári Schram, Stöð 2

Samningaráð:

Hjálmar Jónsson, formaður B.Í.
Óli Kristján Ármannsson, varaform.
Guðni Einarsson, Morgunblaðið
Rakel Ósk Sigurðardóttir, Birtingur
Höskuldur Schram, Stöð 2
Kolbeinn Þorsteinsson, DV

Varamenn:

Lilly Valgerður Pétursdóttir, Stöð 2
Fríða Björnsdóttir
Erla Hlynsdóttir, Fréttatíminn

Dómnefnd Blaðamannaverðlauna:

Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir
Björn Vignir Sigurpálsson
Jóhannes Tómasson
Arna Schram
Svanborg Sigmarsdóttir

Menningar- og orlofshúsaðjódur:

Fríða Björnsdóttir, formaður
Lúðvík Geirsson
Hilmar Karlsson

Varamaður:

Guðmundur Sv. Hermannsson

Stjórn Styrktarsjóds:

Arndís Þorgeirsdóttir
Hjálmar Jónsson
Lilly Valgerður Pétursdóttir

Varamenn:

Fríða Björnsdóttir
Guðni Einarsson
Ragnhildur Aðalsteinsdóttir

Síðanefnd BÍ:

Björn Vignir Sigurpálsson, form.
Hjörtur Gíslason blaðamaður, varaform.
Friðrik Þór Guðmundsson,
blaðamaður og stundakennari við HÍ
Ásgeir Þór Árnason hrl, fulltrúi útgefanda
Róbert H. Haraldsson, fulltrúi Síðfræðistofnunar HÍ

Varamenn:

Jóhannes Tómasson, fyrrv. blaðamaður
Valgerður Jóhannsdóttir, fyrrv. fréttamaður
Sigríður Arnadóttir, fyrrum fréttastjóri



Fimmtíu ár frá fyrsta verkfalli Blaðamannafélags Íslands



Eftir
Björn Vigni
Sigurpálsson

Ívar H. Jónsson, sem var formaður félagsins á þessum tíma, rifjar upp þennan merkilega kafla í sögu félagsins í samtali við Björn Vigni Sigurpálsson.

Á þessu ári eru liðin 50 ár frá því að Blaðamannafélag Íslands fór í fyrsta verkfall sitt. Það máttu teljast mikil tíðindi á þeim tíma, því að flestir vinnustaðir blaðamanna voru þá flokksmálgögn, þ.e.a.s. dagblöðin, og blaðamennirnir nokkuð sundurleit stétt. Formaður félagsins á þessum tíma var Ívar H. Jónsson, ritstjóri Þjóðviljans, og þetta var fyrsta formannsárið hans. Ívar er lögfræðingur að mennt og hafði ekki hugsað sér að leggja blaðamennsku fyrir sig, segir hann, þegar hann er beðinn um að horfa um öxl til þessa tíma. Hvernig stóð þá á því að nýútskrifaður lögfræðingurinn gerðist blaðamaður?

„Ég lauk embættisprófi í lögfræði í janúar 1953 og hafði vænst þess að komast kannski í fulltrúastöðu við einhvern dómstólanna í Reykjavík eða sýslumannsembætti úti á landi. En ég var ekki á réttum stað í pólitíkinni og fór ekki leynt með stjórnmalaskoðanir mínar. Bjarni Benediktsson var lengst af dómsmálaráðherra á þessum árum

og þá var ekki að sökum að spyrja. Það var líka efnahagsleg lægð í Þjóðfélaginu á þessum tíma, hálfgerð kreppa, og ekki margir möguleikar í einkageiranum.“

Um þetta leyti, snemma árs 1953, var ákveðið að stækka Þjóðviljann úr 8 síðum í 12 og bæta við manni á ritstjórn. „Mér bauðst starfið og ég réð mig í einn mánuð, en svo vel líkaði mér að ég var þarna í 18 og hálf t. Þegar ég byrjaði voru þeir ritstjórar Magnús Kjartansson og Sigurður Guðmundsson. Jón Bjarnason var fréttastjóri og svo voru þeir Ásmundur Sigurjónsson og Magnús Torfi Ólafsson í útlendum fréttum. Bjarni Benediktsson frá Hofteigi var í menningunni og reyndar ýmsu öðru, og við unnum mikið saman. Guðmundur Vigfússon, bæjarfulltrúi og seinna borgarráðsmaður, var aðallega í pólitíkinni og ýmsu öðru tilfallandi, eins og reyndar allir á ritstjórninni. Ég var mest í innlendum fréttum og svo ýmsu öðru, eins og prófarkalestri og frágangi á aðsendu efni til prentunar. Við Bjarni Ben. deildum sama vinnuherberginu og skiptumst á að taka kvöldvaktir, hvor viku í senn.“

Ívar var ráðinn í starf fréttastjóra í nóv. 1959 og tók við af Jóni Bjarnasyni, þegar honum var falin umsjón og ritstjórn sérstaks sunnudagsblaðs, „en ég tók við sem ritstjóri í ársbyrjun 1963 af Magnúsi Torfa sem hætti þá í blaðamenskunni og var ráðinn deildarstjóri hjá Bókabúð Máls og menningar, yfirmaður deildar erlendra bóka. Þarna verð ég sem sagt ritstjóri Þjóðviljans, ásamt þeim Magnúsi Kjartanssyni og Sigurði Guðmunds- syni, og jafnframt er ég skráður

ábyrgðarmaður blaðsins,“ segir Ívar og heldur áfram:

Rekinn af Þjóðviljanum

„Á Þjóðviljanum er ég síðan allt þar til ég var rekinn að sumarlagi 1971 eftir alþingiskosningarnar. Reyndar var öllum á ritstjórn blaðsins sagt upp nema tveimur eða þremur og endurskiplagning sögð ástæðan, þörf á „nýju og fersku blóði.“ Hvað mig persónulega varðaði held ég að ýmsum í forystuliði Alþýðubandalagsins og blaðstjórninni hafi þótt ég hleypta of miklu aðsendu og jákvæðu efni um Sovétríkin inn á síður blaðsins, aðalmálgagns bandalagsins. Menn voru þá margir hverjir orðnir ansi viðkvæmir fyrir Rússastimplinum alræmda og vildu „halda árunni hreinni“ eins og MK orðaði það í blaðagrein eitt sinn, löngu fyrir þennan tíma.“

Ívar segist hafa tengst Blaðamannafélaginu nokkuð snemma á starfsferlinum. „Ég man að ég sótti um inngöngu á fyrsta ári mínu í blaðamennsku, ásamt Álfheiði Kjartansdóttur, systur Magnúsar, en hún þýddi alltaf framhaldssögunar fyrir Þjóðviljann og skilaði drjúgu efni í blaðið á þeim tíma. Þá giltu strangar reglur um inngöngu í félagið og ekki tekinn hver sem var. Menn þurftu að hafa verið starfandi blaðamenn í ákveðinn tíma og prófarkalesarar eða ljósmyndarar þóttu til dæmis ekki gjaldgengir á þessum tíma. Fyrir utan blaðamenn á dagblöðunum fengu að auki félagsaðild þeir blaðamenn sem störfuðu á vikublöðunum Fálkanum og Vikunni, líka þeir sem höfðu blaðamennsku að aðalstarfi á stærstu héraðsblöðunum,



Ivar H. Jónsson var formaður Bláðamannafélagsins í fyrsta bláðamannaverkfallinu.

svo og fréttamenn útvarps,” segir hann.

„Afskipti mín af málefnum Bí hófust reyndar áður en ég var kjörinn í félagsstjórnina, því að 1958 eða ’59 var ég skipaður í nefnd til að undirbúa stofnun lífeyrissjóðs blaðamanna og setja honum reglur. Í nefndinni voru einhverjir fleiri blaðamenn, en Sveinn Ásgeirsson hagfræðingur fór fyrir nefndinni, því að hann var talinn hafa til þess menntun og bakgrunn. Sjóðurinn var svo stofnaður í kjölfarið og reyndist það farsælt skref fyrir stéttina.“

Ákveðnar reglur giltu á þessum tíma um formannskjör, byggðar á heiðursmannasamkomulagi milli ritstjórna stærstu fjölmiðlanna. Samkomulagið var fólgið í því að formenskunni var skipt milli ritstjórna dagblaðanna fimm og fréttastofu

RÚV, eitt ár í senn – í þessari röð: Tíminn, Þjóðviljinn, Morgunblaðið, Útvarpið, Vísir og Alþýðublaðið. „Þetta hafði sína kosti. Blöðin voru öll með tölu flokksmálgögn á þessum tíma og með þessu fyrirkomulagi komust menn hjá pólitískum árekstrum í félagsstarfinu. Síðan var þarna í stjórninni öll árin, sem ég man, Atli Steinarsson á Morgunblaðinu. Hann var jafnan gjaldkeri og eins konar tengiliður milli formannanna og tryggði þannig samfelluna í starfi félagsstjórnar. Ég kom inn í stjórnina eftir að Jón Bjarnason hætti þar sem fulltrúi Þjóðviljans um langt árabíll, og ég varð þá strax formaður. Og það dró til mikilla tíðinda á þessu fyrsta ári mínu í félagsstjórninni, þegar blaðamenn fóru í fyrsta verkfallið í sögu félagsins.“

Mikill einhugur í verkfallinu

Ivar telur að bestu og öruggustu heimildina um verkfallið og aðdraganda þess sé að finna í skýrslu sem hann flutti fyrir hönd Bí á ársfundi norræna blaðamannasambandsins þremur árum síðar eða 1966, en þá hafði ekki sést fulltrúi frá Íslandi á þessum fundum um árabíll. Hér á eftir fer lausleg endursögn á þeim hluta skýrslunnar sem snýr að þessu fyrsta verkfalli íslenskra blaðamanna:

Í ágúst 1963 þurfti Bláðamannafélagið í fyrsta skipti í sögu félagsins að grípa til verkfalls sem stóð í tvær vikur. Þetta var síðasta úrræðið sem félagið hafði til að leggja áherslu á launakröfurnar, sem teljast máttu mjög hófsamlegar í öllu tilliti og sanngjarnar. Í lok ársins 1962 og byrjun þess næsta hafði ríkt mikill órói á íslenskum vinnumarkaði, hjá verka-



lýðsfélögunum og launþegum hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga; samfelldur og stöðugur vöxtur verðbólgu þrýsti á kröfur um kauphækkunar sem urðu með hverri vikunni og mánuðinum háværi og kröftugri. Á árunum 1961 og 1962 höfðu almennu stéttarfélagin náð fram launahækkunum, allt að 8-12% og þegar árið 1963 gekk í garð þótti launþegum hins opinbera komið að sér, þar á meðal fréttamönnum á fréttastofu útvarpsins, en þeir höfðu ekki fengið kjarabætur sem neinu næmi um langan tíma. Nú þótti þeim sem tími væri kominn til að gengið yrði til samninga við þá og þeir fengu stærri hlut í aukningu hinna sameiginlegu þjódartekna síðustu ára. Bandalag þeirra á landsvísu, BSRB, sem annaðist samningamálin gagnvart hinu opinbera, ríki og sveitarfélögum, lagði fram kröfur um verulegar kauphækkunar.

Þessum kröfum var algjörlega hafnað og deilan fór samkvæmt ákvæðum heildarsamningsins til sérstakrar kjaranefndar. Eftir nokkra mánuði eða hinn 1. júlí var kveðinn upp endanlegur og ófrávikjanlegur úrskurður um launþrep og kauphækkunar. Óhætt er að segja að kauphækkunin hafi verið veruleg, einkallega hjá kennurum, einum stærsta hópnum innan BSRB.

Blaðamannafélagið hafði aftur á móti lagt fram haustið 1962, líkt og önnur stéttarfélag, kröfur um kauphækkunar og gert samkomulag við útgefendur um að fá þegar í stað 5% kauphækkun, en frekari viðræðum yrði frestað fram yfir 1. júlí, þegar úrskurður áður nefndrar kjaranefndar starfsmanna ríkis og bæja lægi fyrir. Skyldi nýr samningur taka mið af þessum úrskurði.

Útreikningar Blaðamannafélagsins fólu í sér að félagið þurfti að ná fram 30% kauphækkun að meðaltali til að almennir félagar BÍ væru komnir með sambærileg laun og félagar þeirra sem unnu á fréttastofu útvarps og tóku laun samkvæmt úrskurði kjaranefndarinnar. Blaðamannafélagið lagði þar af leiðandi fram kröfur um nokkru meiri kauphækkunar, um 40%, ásamt ýmsum hliðarkröfum. Þegar sest var að samningaborðinu gerðist

það að útgefendur könnuðust alls ekki við loforðin sem þeir höfðu gefið fáeinum mánuðum áður um að taka mið af úrskurði kjaranefndar hins opinbera og buðu aðeins 4-6% hækkun launa. Þannig var þetta í nokkra daga að hvorki gekk né rak, uns ákveðið var af miklum meirihluta félagsmanna – einungis tveir voru á móti – að boða verkfall á blöðunum fimm í Reykjavík með viku fyrirvara, eins og áskilið var í lögum um stéttarfélag og vinnudeilur.

Með því var deilan í fyrsta sinn komin til kasta ríkissáttasemjara og útgefendur fóru smám saman að koma til móts við kröfur blaðamanna, buðu ekki aðeins 4% heldur 10% í byrjun, því næst 15%, 20% og hækkuðu sig allt upp í 25%. Á almennum félagsfundi blaðamanna var þó samhljóða samþykkt að standa fast á kröfunni um 30% kauphækkunina en slaka frekar á sérkröfum.

Ákveðið hafði verið að verkfallið skyldi hefjast 1. ágúst og kvöldið áður og um nóttina var haldinn langur samningafundur með útgefendum ásamt sáttasemjara – en án árangurs. Verkfallið hófst því 1. ágúst og tók gildi strax frá byrjun á öllum ritstjórnunum án undantekninga.

Svo liðu dagarnir einn af öðrum án þess að nokkuð gerðist. Sáttasemjari var með deiluna í sínum höndum svo að segja, allt frumkvæði var hans, svo sem að boða samningafundi og því umlíkt. Það gerði hann hins vegar ekki fyrr en tvær vikur voru liðnar. Þá var haldinn fundur með deiluaðilum og á þeim fundi náðust samningar: 29,85% kauphækkun, þannig að einungis vantaði 0,15% upp á að blaðamenn næðu markmiðum sínum. Hvað sem því líður var samningurinn samþykktur næstum einróma daginn eftir og vinnan á ritstjórnunum gat hafist á ný.

Verkfallið stóð þannig í tvær vikur, það er að segja í 10 vinnudaga því að sunnudagurinn var þá frídagur hjá blöðunum og mánudagur verslunarmannahelgarinnar einnig. Ívar segir í skýrslunni að persónulegt mat hans sé að ríkissáttasemjari hafi átt verulega sök á því að verkfallið stóð svo lengi – hann segist sannfærður um að hægt hafi verið að leysa deiluna fyrr,

t.d í fyrri vikunni þegar verkfallið hafði staðið í 4-5 daga.

Ívar segir einnig í skýrslunni að fyrir stjórnarmenn í Blaðamannafélags Íslands hafi verkfallið verið alveg ný og þörf reynsla, og fyrir félagið í heild og félagar þess ótvírætt styrkleikamerki. Þessi reynsla hafi jafnframt fært stjórn félagsins heim sanninn um að nauðsynlegt væri að breyta sumum atriðum í lögum félagsins til að fyrirbyggja í framtíðinni ýmsa hnökra við áþekkar aðstæður. „Annars er mér það minnisstætt að það var Tómas Karlsson á Tímanum sem var manna harðastur í þessum átökum,“ segir Ívar nú, þegar senn eru 50 ár liðin frá þessu verkfalli. „En meginrök okkar í deilunni við útgefendur voru þau að við hefðum dregist aftur úr í launum miðað við félagar okkar á fréttastofu útvarps. Og það var mikill einhugur í mönnum að hvíka hvergi frá þessari aðalkröfu.“

Um þetta leyti hafði félagið leigt sér skrifstofu við Vesturgötu í félagi við Rithöfundasambandið. „Ég man það að við verkfallsboðunina og atkvæðagreiðsluna, þá vildum við hafa þetta algjörlega pottþétt og löglegt í alla staði. Atkvæðagreiðslan átti lögum samkvæmt að standa í sólarhring og við tókum þetta alvarlega, stóðum vaktina allan sólarhringinn, þó að ég muni ekki eftir að nokkur hafi komið á skrifstofuna um nóttina til að kjósa.“

MÍR er „hobbyið“

Ívar varð aftur formaður Blaðamannafélags Íslands um eins árs skeið 1969-70. Hann var í stjórnartíð sinni í félaginu einnig fenginn til að undirbúa og skipuleggja hér almennt námskeið í blaðamennsku sem var mjög vel sótt og þótti takast vel. Fengnir voru kennarar frá Norræna blaðamannaskólanum í Árósum og að auki var mikil áhersla lögð á íslensku. „Við fengum inni í Menntaskólanum í Hamrahlíð, hjá Guðmundi Arnlaugssyni, og í Norræna húsinu, hjá Ívari Eskeland. Við fengum húsnæðið fyrir ekki neitt, enda varð hagnaður af þessu námskeiðshaldi. Löngu síðar var ég að hitta fólk sem þakkaði mér fyrir námskeiðið, svo að það hefur líkað vel. Ári

seinna var svo haldið námskeið fyrir starfandi blaðamenn í ljósmyndun, en það var styttra og sérhæfðara.“

Ívar var einnig í þeirri nefnd Blaðamannafélagsins sem samdi fyrstu síðareglurnar. „Það var í formannstíð Jónasar Kristjánssonar. Ordran frá Jónasi var að reglurnar ættu að vera stuttar og gagnorðar, þannig að hægt væri að setja þær í lítinn ramma og hengja upp á vegg. Við fórum eftir því.“

Eftir að Ívar hvarf úr ritstjórstóli

Þjóðviljans nokkuð snögglega, rofnuðu tengsl hans við Blaðamannafélagið. „Ég sté aldrei fæti inn á Þjóðviljann eftir þetta,“ segir hann. Litlu síðar réðst hann sem skrifstofustjóri til Þjóðleikhússins og varð þar síðar fjármálastjóri, en því starfi gegndi hann þar til hann fór á eftirlaun. Nú er Ívar á 86. aldursári, fæddur 1927, vel ern og hress í bragði og lætur engan bilbug á sér finna. Hann mætir flesta daga á skrifstofu MÍR, Menningartengsla Íslands og Rússlands (áður Ráð-

stjórnarríkjanna) en félagið hefur komið sér vel fyrir að Hverfisgötu 105, á horni Hverfisgötu og Snorrabrautar, í húsnæði sem hýsir skrifstofu félagsins, bókasafn og sýningarsal þar sem eru kvikmyndasýningar á sunnudögum haust- og vetrarmánuðina. Ívar hefur verið formaður félagsins í nærri 40 ár. „Þetta hefur verið hobbyið mitt í öll þessi ár,“ segir hann þegar viðtalinu lýkur.

Hvað þýðir hvað?

Að gefnu tilefni þykir ástæða til þess að rifja upp hvað sé átt við með hugtökunum „on record“ eða „off record“. Flestir blaðamenn nota þetta og fleiri hugtök meira og minna daglega, enda er hér um að ræða alþjóðlegt tungutak sem hefur alveg sérstaka merkingu. Til áréttingar og fróðleiks fyrir nýja féлага er ekki úr vegi að rifja upp þessi helstu alþjóðlegu hugtök, en fjögur hugtök (úr ensku) eru yfirleitt notuð um samskipti við heimildarmenn og viðmælendur:

1. **On the record** (hafa eftir e-m): Allt sem sagt er gæti verið notað í fréttina og hver sagði hvað. Fullt nafn viðmælanda og hver tengsl hans við málið eru.
2. **Off the record** (í trúnaði): Blaðamaðurinn/fréttamaðurinn getur ekki notað þessar upplýsingar – hvorki með því að vísa til heimildarmanns eða með því að vísa ekki til hans. Blaðamaðurinn getur hins vegar notað upplýsingarnar til að halda áfram að rannsaka mál eftir öðrum leiðum.

3. **On background** (hafa ekki eftir e-m): Hægt er að nota það sem sagt er – líka sem beina tilvitnun – án þess þó að nafngreina þann mann sem verið er að vitna í. Venjan þá að benda á hversu mikið viðkomandi tengist málinu.

4. **On deep background** (hafa alls ekki eftir): Mjög viðkvæmt að tengja heimildarmanninn við þessar upplýsingar og ekki má vitna beint í hann. Upplýsingunum má hins vegar koma á framfæri, en án þess að bera heimildina fyrir því. Hægt að fá staðfestingu annars staðar.

Rétt er að undirstrika að þessi hugtök hafa enga formlega lagalega stöðu eða hafa fengið afgreiðslu hjá einhverri formlegri stofnun eða aðila í samfélaginu. Hins vegar er hér um að ræða alþjóðlegan skilning blaðamanna, sem gildir að sjálfsgöðu um íslenska blaðamenn jafnt sem aðra.

Nokkur orð vegna fyrirlesturs Nils Hanson um rannsóknarblaðamennsku:

Hlutlægni og útsjónarsemi



Eftir Sigurð Mátí Jónsson

Nils Hanson, ritstjóri fréttaskýringarþáttarins Uppdrag Granskning í sænska ríkissjónvarpinu, hélt athyglisverðan fyrirlestur á ráðstefnu um rannsóknarblaðamennsku sem haldin var laugardaginn 6. apríl sl. á vegum Miðstöðvar rannsóknarblaðamennsku á Íslandi. Sá er þetta

ritar hlýddi á fyrirlesturinn og átti fróðlegt samtal við Nils á ráðstefnunni. Einnig hef ég verið í samskiptum við hann eftir ráðstefnuna og þá lét hann eftirfarandi ummæli falla: „Von mín er að þessi ráðstefna um rannsóknarblaðamennsku muni hafa sömu áhrif á Íslandi og varð í Svíþjóð þegar við byrjuðum að halda slíka ráðstefnu fyrir 25 árum.“ Nils segir að þar hafi orðið vakning og nokkur fjöldi blaðamanna og fjölmiðla hafi reynt að tileinka sér þessi vinnubrögð.

Nils kallaði fyrirlestur sinn stafróf rannsóknarblaðamenskunnar, eða ABC of Investigative Journalism. Hann útskýrði vinnuferlið allt frá því að blaðamaðurinn byrjar að grafa og þar til fréttin er tilbúin. Nils hefur flutt

þennan fyrirlestur víða enda má segja að hann gefi óvenju glögga útlistun á þeim vandamálum sem verða á vegi rannsóknarblaðamanna.

Kröfur um hlutlægni

Hugsanlega er kjarninn í því sem Nils var að segja að eins mikilvæg og rannsóknarblaðamennska er, þá er einnig mikilvægt að varast þær hættur sem verða á vegi rannsakingandans. Augljóst er að hann gerir miklar kröfur til hlutlægni rannsóknarblaðamannsins sem þarf stöðugt að vera að meta þær upplýsingar sem hann hefur aflað sér og hvað þær segja í raun og veru. Engum dylst því að Nils gerir miklar faglegar kröfur til blaðamanna og vinnuferilsins alls. Einnig þess að blaðamaðurinn meti eigin afstöðu til málsins og leiti ekki eingöngu að hlutum sem staðfesta hans eigin skoðun. Leita verði annarra útskýringa og hlusta á efasemdaraddir.

Nils lagði mikla áherslu á nauðsyn þess að tala við alla. Jafnvel þá sem ekki vilja tala, þá sem líkar ekki við þig og jafnvel þá sem þér líkar ekki við! Sömuleiðis sagði hann mikilvægt að skoða hið óvenjulega og mót-sagnakennda og umfram allt; ekki má hika við að skoða það sem gæti spillt fréttinni. Nils veit eins og flestir þeir sem hafa stundað blaðamennsku að blaðamönnum og yfirmönnum þeirra er meinilla við að vinnutími fari til ónýtis. Eðlilega. Þess vegna varaði hann sérstaklega við því að menn haldi til streitu málum sem augljós-



Nils Hanson, ritstjóri fréttaskýringarþáttarins Uppdrag Granskning í sænska ríkissjónvarpinu, hélt athyglisverðan fyrirlestur á ráðstefnu um rannsóknarblaðamennsku.

Mynd: Ingi Ragnar Ingason

lega eru fallin, eingöngu til að réttlæta þá vinnu sem í þau hefur farið. Til þess að verja tímanum skynsamlega sagði Nils að mikilvægt væri að gera ítarlegt mat á því hvort fréttin sé í raun að ganga upp, og helst þá á fyrstu stigum rannsóknarinnar. Því sé nauðsynlegt að knýja sem fyrst á um svör frá heimildarmanni eða þeim sem brotið hefur verið á. Þannig þurfi að spyrja um:

- Ábyrgð heimildarmanns
- Gat hann gert meira?
- Getur hann fært sönnur fyrir ásökunum sínum?
- Hefur hann eitthvað að fela?

Gagnaöflun og útsjónarsemi

Að sjálfsögðu leggur Nils mikla áherslu á gagnaöflun. Nauðsynlegt sé fyrir blaðamann að afla eins mikilla skriflegra gagna og unnt er, jafnvel þó þau séu ekki komin í opinbera dreifingu. Augljóslega þarf blaðamaður að vera útsjónarsamur í starfi sínu og finna leiðir til að efla traust hjá viðmælendum sínum. Nils benti á nokkrar leiðir til þess:

- Fundir án þrýstings
- „Off record“ samtöl
- Upplýsandi samtöl
- Fá aðstoð við að sannreyna hluti
- Tengsl við fréttina

Þessar ábendingar Nils eru sérlega hagnýtar en sjálfsagt þekkja flestir blaðamenn hve mikilvægt er að ná trausti og trúnaði fólks sem alla jafna er ekki undirbúið undir að tala við þá. Þarna skipta hin mannlegu samskipti miklu. Það þarf sjálfsagt ekki að hafa mörg orð um það að blaðamanni sem er einlægur og staðfastur í ásetningi sínum er betur treyst en öðrum. Ef viðmælandinn skilur að blaðamanni er alvara í leit sinni að sannleikanum þá myndast smám saman nauðsynlegt traust. Einnig benti Nils á að vinnuaðferðirnar sjálf-



Helga Arnardóttir ásamt Nils Hanson.

ar skipta máli. Þannig geti verið verið skynsamlegra að banka upp á hjá fólki frekar en hringja og þá hjálpi ef einhver tengsl séu áður sköpuð við viðmælenda.

Hann áréttaði að nauðsynlegt væri að meta heimildina, rétt eins og flestir hugvísindamenn læra fljótt. Það þurfi að skoða:

- Stöðu heimildarmanns
- Er hægt að staðfesta upplýsingar?
- Falla þær að öðru sem er vitað?
- Bakgrunn heimildarmanns
- Hvað vakir fyrir honum?
- Stenst hann „lygapróf“?

Nils rakti hvernig allt þetta er hluti af ferlinu þegar samskipti eru bbyggð upp. Mikilvægast af öllu er þó að mati Nils að vernda heimildarmann. Hann nefndi sárt dæmi af eigin ferli þar sem ekki var gætt nægilega vel að öryggi heimildarmanna þó í því tilviki hafi ekki verið um að ræða leyndar upplýsingar. Til að gæta alls öryggis þurfi:

- Nota síma af varfærni
- Nota Skype
- Ekki nota tölvupóst nema dulköðaðan

- Nota samstarfsmenn
- Hittast á öruggum stöðum
- Ræða hvernig staðreyndir eru notaðar

Mikilvægast af öllu er þó að blaðamaður hætti aldrei að treysta eigin dómgreind og meti með reglubundnum hætti hvað hann veit í raun og veru og hvernig upplýsingar falla að og samræmast þeirri umfjöllun sem unnið er að. Á þeirri vegferð er nauðsynlegt að greina ítarlega allar upplýsingar og meta gæði þeirra. Þá þarf að skoða:

- Vantar einhverjar mikilvægar upplýsingar?
- Gætu aðrar staðreyndir breytt heildarmyndinni?
- Er stuðst við réttar staðreyndir?
- Er hægt að gagnrýna val þeirra?

Að lokum er það síðan heilindi blaðamanns sem ráða því hvort hann telji sig vera með frétt sem eigi erindi við almenning og nauðsynlegt sé að birta, hvort sem hún er honum eða heimildarmanni hættuleg eða skapi óróa í samfélaginu.



Ritstjórnarlegt sjálfstæði blaðamanna

– Um hlutverk Blaðamannafélagsins í reglusetningu og eftirliti með brotum á reglum

Talsverð umræða hefur spunnist um ritstjórnarlegt sjálfstæði í kjölfar greinaskrifa Magnúsar Halldórssonar á vísir.is og síðan mannbreytinga á ritstjórn Fréttablaðsins. Ljóst er að mál af því tagi sem þarna kom upp – í rauninni algerlega óháð því hvort var um raunveruleg afskipti eigenda að ræða eða ekki – eru til þess fallin að valda ákveðnum kælingaráhrifum hjá stéttinni allri, ekki bara Fréttablaðsfólki. Tillaga um sérstakt fagråd hjá Blaðamannafélaginu er áhugaverður farvegur fyrir mál af þessu tagi.

Umræðan um ritstjórnarlegt sjálfstæði og afskipti eigenda af ritstjórnarákvörðunum beinir sjónum blaðamanna að (veikri?) stöðu stéttarinnar og jafnvel í einhverjum tilfellum gæti hún hvatt til sjálfsritskoðunar. Því verður spurningin um ritstjórnarlegt sjálfstæði sérstaklega mikilvæg ekki síst þegar við bætist að í fjölmiðlalögum frá 2011 er sérstakt ákvæði um ritstjórnarlegt sjálfstæði og þetta ákvæði var raunar endurskoðað nokkuð við þinglokin í vor þegar samþykktar voru breytingar og viðauki við fjölmiðlalög. Þar var þó fyrst og fremst um orðalagsbreytingar að ræða. Ákvæðið um ritstjórnarlegt sjálfstæði var sett í lög með stuðningi Blaðamannafélagsins þó félaginu hafi vissulega verið ljóst að útfærsla þess kynni að vera vandasöm og erfitt gæti reynst að fylgja eftir og tryggja að ekki verði farið í kringum þau ákvæði sem í reglunum eru sett. Það er einkum tvennt í þessum reglum sem skiptir máli út frá sjónarhóli Blaðamannafélagsins.

Í fyrsta lagi það sem segir í 1.



Elfa Yr Gylfadóttir, framkvæmdastjóri Fjölmiðlanefndar.

málgrein 24. greinar að reglurnar skuli „mótaðar í samráði við viðkomandi starfsmenn og fagfélög þeirra eða samtök“. Með þessu ákvæði er tryggt að Blaðamannafélagið á aðkomu að málinu og að starfsmenn á tilteknum ritstjórnnum þurfa ekki að standa sjálfir frammi fyrir yfirmönnum sínum og eigendum við að sjóða slíkar reglur saman.

Hitt atriðið sem skiptir miklu máli út frá sjónarhóli Blaðamannafélagsins eru ákvæðin í annari málgrein greinarinnar og þó sérstaklega það sem varðar skilyrði fyrir uppsögn. Í þessari

málgrein er fjallað um starfsskilyrði blaða- og fréttamanna við að framfylgja ritstjórnar- eða dagskrárstefnu viðkomandi fjölmiðils, þá starfshætti sem eiga að tryggja ritstjórnarlegt sjálfstæði gagnvart eigendum og síðast en ekki síst skilyrði áminningar og uppsagnar blaðamanna og yfirmanna á ritstjórnnum.

Minni hætta á geðþótta

Spyrja má hvers vegna Blaðamannafélagið lagði áherslu á þessi atriði á sínum tíma þegar til dæmis fulltrúar félagsins voru kallaðir fyrir þingnefnd við afgreiðslu frumvarpsins á Alþingi á sínum tíma? Svarið er í raun einfalt. Í fyrsta lagi er auðveldara fyrir félagið sem slíkt að vera í forsvari við gerð þessara samninga en einstaka félagsmenn. Í öðru lagi er það lykilatriði að hafa uppsagnar- og áminningarferli í opnum og fastmótuðum farvegi þannig að geðþótti eða sérhagsmunir geti síður ráðið ferðinni í slíkum málum. Sjónarmiðið var að gera eigendum og stjórnendum erfiðara fyrir um að reka fólk án málefnalegra skýringa og þannig koma í veg fyrir „refsiaðgerðir“ ef blaðamaður fylgdi frekar eigin sannfæringu um sannleikann, en því sem hentaði hagsmunum útgefenda hverju sinni. Vissulega gerðu menn sér grein fyrir að aldrei yrði að fullu tryggt ritstjórnarlegt frelsi einstaka blaðamanna enda var það raunar ekki endilega markmiðið, heldur voru settar ákveðnar girðingar og það gert erfiðara að áminna eða segja upp starfsfólki og tryggt að ef til slíkra

úrræða er gripið liggja fyrir skýringar sem hægt sé að opinbera.

Reglur fyrir fréttamiðla

Fjölmiðlanefnd hefur á sinni könnu að framfylgja fjölmiðlalögum og í lögum er kveðið á um að reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði skuli birtar á vef Fjölmiðlanefndar og á heimasíðum viðkomandi miðils. Hins vegar er litla leiðsögn að finna í lögum um hvernig beri að útfæra framkvæmdina eða eftirlitið með því að reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði séu uppfylltar. Elfa Ýr Gylfadóttir, framkvæmdastjóri Fjölmiðlanefndar, segir að ekki þurfi allir fjölmiðlar að setja sér reglur af þessu tagi. „Samkvæmt 24. gr. laga um fjölmiðla skal fjölmiðlaveita setja sér reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði þeirra starfsmanna sem sinna fréttum og fréttatengdu efni. Ákvæðið á því einungis við um þær fjölmiðlaveitur sem hafa starfsmenn sem sinna fréttum og fréttatengdu efni. Sumar fjölmiðlaveitur sem hafa leyfi eða eru skráðar hjá fjölmiðlanefnd falla ekki undir ákvæðið. Þær reglur sem staðfestar hafa verið af Fjölmiðlanefnd eru birtar á heimasíðu nefndarinnar. Í þeim tilvikum sem fallist hefur verið á að 24. gr. eigi ekki við um starfsemi fjölmiðlaveitunnar hefur niðurstaða nefndarinnar þess efnis verið birt á heimasíðu fjölmiðlanefndar,“ segir Elfa Ýr. Varðandi þá spurningu hvort erfitt hafi verið að fá miðlana sem eiga að skila slíkum reglum til að skila þeim segir Elfa að með bréfum sem send voru til fjölmiðla, í lok september 2012, hafi þess verið óskað að slíkar reglur bærust nefndinni eigi síðar en 3. desember 2012. Nefndin sendi síðan ítrekun til þeirra fjölmiðlaveitna sem ekki skiluðu reglum innan þess frests og hafa nú allar fjölmiðlaveitur sem fengu sent bréf þar um

sent fjölmiðlanefnd reglur til staðfestingar eða erindi vegna þeirra. Hún segir nefndina þó ekki búna að afgreiða alveg öll erindi eða reglur sem borist hafa (í lok mars).

Eingöngu „lögmætiseftirlit“

Aðspurð um hvort lagt sé efnislegt mat á reglur sem skilað er inn áður en Fjölmiðlanefnd samþykkir þær og birt-

eftir breytingum í þeim tilvikum þegar ekki hefur verið með fullnægjandi hætti að mati nefndarinnar verið fjallað um þau atriði sem kveðið er á um í a, b eða c lið 24. gr. laga um fjölmiðla.“

Þannig að ef í reglum einhvers tiltekins fjölmiðils er að finna ákvæði um starfsskilyrði við að framfylgja ritstjórnarstefnu, starfshætti varðandi ritstjórnarlegt sjálfstæði og skilyrði áminningar og uppsagnar, þá eru reglurnar gjaldgengar frá sjónarhóli Fjölmiðlanefndar. Fjölmiðlanefnd tekur hins vegar ekki að sér að fylgjast með hvernig þessar reglur hafa orðið til, þ.e. hvort þær hafi verið unnar í samráði við starfsmenn og fagfélög þeirra (Blaðamannafélagið og Félag fréttamanna) og virðist því lítið svo á að það sé á ábyrgð starfsmanna sjálfrá og þá Blaðamannafélagsins að fylgjast með því að reglurnar séu unnar í samræmi við fyrirmæli laganna.

24. gr. Ritstjórnarlegt sjálfstæði

- Fjölmiðlaveita skal setja sér reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði þeirra starfsmanna sem sinna fréttum og fréttatengdu efni. Slíkar reglur skulu mótaðar í samráði við viðkomandi starfsmenn og fagfélög þeirra eða samtök.
- Í reglum um ritstjórnarlegt sjálfstæði skal m.a. fjallað um:
 - a. starfsskilyrði viðkomandi blaða- og fréttamanna ritmiðla og hljóð- og myndmiðla, þ.m.t. stjórnenda á því sviði, við að framfylgja ritstjórnar- eða dagskrárstefnu fjölmiðlaveitunnar,
 - b. starfshætti sem ætlað er að tryggja ritstjórnarlegt sjálfstæði viðkomandi blaða- og fréttamanna, þ.m.t. stjórnenda á því sviði, gagnvart eigendum fjölmiðlaveitunnar,
 - c. skilyrði áminningar og uppsagnar viðkomandi blaða- og fréttamanna, þ.m.t. stjórnenda á því sviði.
- Reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði skulu sendar fjölmiðlanefnd til staðfestingar og skulu þær birtar á heimasíðu viðkomandi fjölmiðlaveitu.
- Reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði skulu endurskoðaðar árlega. Tilkynna skal fjölmiðlanefnd þegar endurskoðun hefur farið fram og senda henni nýja útgáfu af reglum til staðfestingar hafi breytingar verið gerðar.

Fjölmiðlanefnd óheimilt að hafa afskipti

Raunar er það mat Elfu Ýrar að fjölmiðlanefnd hafi ekki heimild til að skipta sér af þessari samningsgerð. „Samkvæmt lögum er það fjölmiðlaveitan sem setur sér reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði en slíkar reglur skulu þó mótaðar í samráði við viðkomandi starfsmenn og fagfélög þeirra. Fjölmiðlanefnd upplýsti Blaðamannafélag Íslands og Félag fréttamanna á RÚV um það í bréfi í haust að verið væri að óska eftir reglum um ritstjórnarlegt sjálfstæði. Samkvæmt lögum hefur fjölmiðlanefnd engar heimildir til að hlutast til um það með hvaða hætti slíkar reglur eru ákvarðaðar. Þess vegna var ákveðið að upplýsa fagfélög blaðamanna um að óskað væri eftir slíkum reglum frá fjölmiðlaveitum þannig að bæði fagfélögin gætu haft aðkomu að setningu slíkra reglna sem og félagsmenn þeirra,“ segir Elfa.

ir þær á heimasíðu sinni segir Elfa Ýr það aðeins gert að takmörkuðu leyti. „Samkvæmt 3. mgr. 24. gr. kemur fram að reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði skuli sendar Fjölmiðlanefnd til staðfestingar. Í slíkri staðfesting felst einvörðungu lögmætiseftirlit samkvæmt meginreglum stjórnsýsluréttar líkt og segir í greinargerð með frumvarpi til laga um fjölmiðla. Fjölmiðlanefnd kemur því eingöngu með athugasemdir við slíkar reglur telji hún ákvæði þeirra fara í bága við lög,“ segir Elfa Ýr. Samkvæmt þessu skoðar Fjölmiðlanefnd aðeins hvort í reglum eru ákvæði í samræmi við grein 24, en skiptir sér hins vegar ekkert af því hvernig þessi ákvæði eru. Elfa Ýr orðar þetta þannig að Fjölmiðlanefnd hafi þar af leiðandi einungis „óskað



Eftirlit og þátttaka í setningu reglna um ritstjórnarlegt sjálfstæði á hinum ýmsu fjölmiðlum er því sameiginlegt verkefni starfsmanna og Blaðamannafélagsins og þó svo að frumskyldan hljóti að liggja hjá starfsmönnum tiltekins fjölmiðils að fylgjast með þessum málum þá má segja að félagið hlýtur að hafa þarna hönd í bagga og þar með bætist við þann verkefnalista sem forysta og starfsmenn þess þurfa að huga að með reglulegum hætti. Lögin gera ráð fyrir að reglurnar séu endurskoðaðar árlega og spurning hvort Blaðamannafélagið þarf ekki að formfesta eftirfylgnina með þessum málum á einhvern hátt. Það er því til marks um árvegni stjórnar BÍ að á nýafstöðnum aðalfundi þar hún fram tillögu um sérstakt fagråd undir stjórn varaformanns félagsins, sem m.a. myndi taka að sér verkefni sem þetta. Að fagráðinu verður vikið betur síðar.

Viðmiðunarreglur BÍ

Stjórn Blaðamannafélagsins brást raunar strax síðstliðið haust við upplýsingum um að Fjölmiðlanefnd væri að ganga eftir þessum reglum frá fjölmiðlum, og setti saman viðmið um slíkar reglur og hvað félagið legði áherslu á að væri í slíkum reglum. Þetta var síðan birt á heimasíðu félagsins þannig að bæði stjórnendur fjölmiðla og félagsmenn í félaginu sem unnu á fjölmiðlum þar sem slíkar reglur voru í smíðum, höfðu upplýsingar og leiðarvísi um hvernig þessar reglur gætu litið út. Í ljós hefur komið að fjölmörg fjölmiðlafyrirtæki, einkum

þau minni hafa tekið þessi viðmið og gert að sinum og þar með uppfyllt þá lagaskyldu að þetta sé gert í samráði við fagfélög starfsmanna. Þrátt fyrir að ekki hafi verið gerð kerfisbundin úttekt á því hvort þær reglur sem fjölmiðlar almennt hafa sett séru í raun í samræmi við þessi viðmið BÍ eða ekki, virðist það þó í fljótu bragði vera. Óvíst er hins vegar um stór fyrirtæki eins og 365 miðla, en þar hafa reglur enn ekki verið birtar. Reglur annarra fyrirtækja s.s. DV og Árvakurs hafa hins vegar komið fram en eru ekki að öllu leyti það sem lagt er til í tillögum BÍ. Spurning er hvort og þá hvenær félagið eigi að gera athugasemdir við slíkt og hvort það eigi til dæmis að vera í formföstum farvegi. Nokkuð ljóst er að þetta yrði meðal annars hlutverk hins nýja fagráðs.

Almenningsálitíð sterkasta vopnið

Ekki er þó björninn unninn þótt reglur hafi verið settar með ásættanlegum hætti. Þeim þarf að fylgja eftir og grípa inn í ef þær eru brotnar. Hvað þetta varðar er ljóst að Fjölmiðlanefnd lítur ekki á það sem hlutverk sitt að fylgjast með að þessar reglur séu ekki brotnar. Um það er Elfa Ýr mjög skýr þegar hún segir að Fjölmiðlanefnd hafi „engar heimildir samkvæmt lögum til að hafa eftirlit með því hvort reglum um ritstjórnarlegt sjálfstæði sé framfylgt. Í greinargerð með frumvarpinu segir að þess sé vænst að það aðhald sem viðkomandi starfsmenn, eftir atvikum stéttarfélög þeirra, veita en síðast en ekki síst almenningsur verði öllum viðurlögum yfirsterk-

ara.“ Þessi orð Eflu Ýrar ríma við þá staðreynd að refsiakvæði í fjölmiðlalogunum ná ekki til 24. gr.

Hér er því greinilegt að Blaðamannafélaginu eru fengnar í hendur ákveðin vopn til að standa vörð um ritstjórnarlegt sjálfstæði félaga sinna, en um leið er lögð á félagið og félagsmenn sú kvöð að hafa eftirlit með þessum nýju réttindum sjálfir. Það kemur því í hlut blaðamanna og Blaðamannafélagsins að benda á og taka við ábendingum um brot á reglum um ritstjórnarlegt sjálfstæði og leita eftir leiðréttingu og/eða gera málið opinbert.

Fomlegur farvegur hjá BÍ

Með því að aðfundur hefur falið stjórn, að tillögu stjórnarinnar – að stofna sérstakt fagråd, er kominn fram vettvangur innan félagsins sem getur tekið við slíkum ábendingum eða umkvörtunum, aðili sem getur þá fjallað um bæði endurskoðun og setningu reglna og svo um hugsanleg brot á þessum sömu reglum. Samkvæmt tillögu stjórnarinnar sem aðalfundurinn samþykkti á tilgangur fagráðsins að vera að „að taka á móti nýjum faglegum verkefnum sem félaginu ber að taka að sér, m.a. í tengslum við breytt lagaumhverfi og nýja stöðu fjölmiðla og blaðamanna í landinu“. Stjórn félagsins hefur nokkuð frjálssar hendur um hvernig starf fagráðsins mótast, en hitt er nokkuð ljóst að fagráðið er hin formlega umgjörð sem reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði fær á vettvangi Blaðamannafélagsins. *BG*



Góð gjöf til Bí til minningar um Helga Markús Kristófersson:

Gaf öll tölublöð Fálkans

Í lok síðasta árs barst Blaðamannafélagi Íslands góð gjöf frá Önnu Margréti Jensdóttur sem hún gaf til minningar um mann sinn, Helga Markús Kristófersson. Í tilefni þess var boðið til kaffisamsætis heima hjá Önnu að Silfurteigi 4. Um er að ræða öll tölublöð Fálkans, „fyrsta myndskreytta vikublaðs landsins“. Fyrsta tölublaðið kom út 31. mars 1928 og hið síðasta 18. júlí 1966. 20. júlí það ár var útgáfunni hætt vegna fjárhagsvandræða.

Gjöfin er gefin til minningar um eiginmann Önnu, Helga Markús Kristófersson, sem var fæddur 9. ágúst 1918 en lést 31. desember 2010. Auk þess að safna tölublöðum batt Helgi þau sjálfur inn í vandað band. Blöðin eru í 48 bindum. Hjálmar Jónsson, formaður Bí, sagði við móttöku gjafarinnar að félagið hygðist láta setja blöðin í traust band og gera þau um leið aðgengileg á skrifstofu félagsins. Þar á nú að vera hægt að nálgast heildarútgáfu Fálkans samkvæmt nánara samkomulagi við starfsmenn Bí.

Áhugamál Helga heitins voru mörg. Má þar nefna ræktun lands og jurta, ferðalög, ljósmyndun og bókband. Hann stundaði nám við Héraðsskólann á Laugarvatni. Síðan vann hann jarðyrkjustörf hjá Jarðræktarfélagi Reykjavíkur með dráttarvélum og jarðytum 1934-1964. Þá tóku við skrifstofu-

og lagerstörf og þá lengst af hjá Ford umboði Sveins Egilssonar.

Þegar starfsævi lauk tóku áhugamálin við. Fyrir rúmri hálfri öld fengu þau Anna úthlutað landsspildu við Úlfarsfell. Þar breyttist hrjóstrugur melur í gróinn trjálund með miklum fjölda trjátegunna, blómum og matjurtum, og þar reis notalegt sumarhús. Helgi var félagi í Ferðafélagi Íslands í um 70 ár og ferðaðist mikið á þess vegum á yngri árum. Ljósmyndun var eitt af hans áhugamálum og eftir hann liggur mikið safn góðra ljósmynda. Loks var það bókbandið sem skilaði öllum hans bókum í gott band, þar á meðal þessum 48 bindum af Fálkanum. Anna og Helgi reistu húsið við Silfurteig 4 í samvinnu við bræður og föður Helga. Þar bjuggu þau saman í 63 ár – og þar er Anna enn.

Í gjafabréfi sem Anna lét fylgja gjöfinni kom eftirfarandi fram: „Mér var umhugað að koma þessum bókum Helga heitins á góðan stað, og þegar hálfbróðir minn, Atli Steinarsson, blaðamaður í 55 ár, kom með tillögu um að gefa Bí heildarútgáfu Fálkans fannst mér vart hægt að finna betri og virðulegri stað.“

Blaðamannafélag Íslands þakkar þann hlýhug sem birtist í gjöfinni sem styrkir blaðakost félagsins.



Anna ásamt þeim Atla Steinarssyni og Hjálmar Jónssyni við afhendingu gjafarinnar.

Mynd/Brynjar Gauti

Ánægja í starfi þrátt fyrir álag og erfið starfsskilyrði


Óöryggi, aðhald, álag og niðurskurður eru áberandi í svörum blaðamanna á Íslandi í dag samkvæmt kjarakönnuninni sem fyrirtækið Intellecta gerði fyrir Blaðamannafélagið í nóvember síðastliðnum.

Ljóst er að þrengingar vegna efnahagshruns sem kom beint í kjölfar viðtækrar markaðsvæðingar á íslenskum fjölmiðlamarkaði hefur sett mikinn þrýsting á blaðamenn, störf þeirra og aðstæður og þar með gert þeim erfiðara um vik að stunda faglega, sjálfstæða og vandaða blaðamennsku. Þátt fyrir þetta er greinilegt að flestir blaðamenn eru ánægðir í starfi sínu, sem segir e.t.v. nokkuð um að í blaðamennsku fer fólk frekar af áhuga og hugsjón en vegna kaups og kjara.

Í könnun Intellecta voru spurningar sendar á blaðamenn og miðast þau svör sem hér er byggt á við fólk sem langflest var í fullu starfi. Alls svöruðu 126 blaðamenn. Eins og gengur í könnunum af þessu tagi var spurt um ýmsar bakgrunnsbreytur og gefa þessar breytur okkur nokkuð góða hugmynd um hvernig blaðamannastéttin er saman sett varðandi kyn, menntun og starfsaldur.

Blaðamannastéttin

Miðað við könnunina er kynjaskipting stéttarinnar nokkuð jöfn, en karlar sem svöruðu voru 50,8% en konur 49,2%. Þetta er raunar talsverð breyting frá því sem var í sambærilegri könnun frá 2009 þegar konur voru mun færri eða




Hvaða námi hefur þú lokið?



Eftir Birgi Guðmundsson

um 38% á móti 62% körlum. Kannanir benda þannig til fjölgunar kvenna í blaðamannastétt sem rímar við raunverulega þróun á síðustu árum. Þetta má einnig sjá í tölum um starfsaldur starfandi blaðamanna, en um það var líka spurt í þessari könnun. Þar kemur í ljós að blaðamannastéttin í heild skiptist nokkurn veginn í tvo jafnstóra hópa hvað þetta varðar, rétt rúmum helmingur (50,8%) hefur unnið 10 ár eða skemur og hinn helmingurinn hefur unnið 10 ár eða meira. Hins vegar er talsvert hærra

hlutfall kvenna sem hefur unnið í 10 ár eða minna eða tæp 60% á móti rúmum 42% karla. Sérstaklega áberandi er að hlutfallslega miklu fleiri karlar eru í hópi þeirra sem mesta starfsreynslu hafa (20 ár eða meira) eða tæp 36% á móti aðeins 13% kvenna sem hafa unnið í 20 ár eða meira. Gera verður ráð fyrir að þetta eigi eftir að breytast verulega á næsta áratug eða svo.




Starfsaldur í blaða- og fréttamennsku.

Athyglisvert er að skoða menntun blaðamanna, ekki síst út frá kynjaskiptingunni. Almennt eru blaðamenn vel menntaðir og eru tæp 66% þeirra með háskólaþróf og 17,5% með stúdentspróf. Þetta segir þó ekki alla söguna því blaðakonur hafa mun meiri menntun en blaðakarlar. Þannig hafa rúm 59% karlanna háskólaþróf af einhverju tagi, en tæp 76% kvennanna. Eins eru miklu fleiri konur með masterspróf eða sambærilega gráðu en karlar, eða 34% kvenna á móti rúmlega 20% karlanna. Hluti af skýringu þessa getur falist í því að konum hefur á undanförn-

um árum fjölgað á ritstjórnnum, en á sama tíma hefur verið gerð krafa um háskólamenntun. Annarrar menntunar eða minni menntunar var hins vegar krafist hér áður fyrr þegar karlar voru frekar ráðnir til starfa en konur.


Erfið starfsskilyrði

Eins og áður segir hafa starfsskilyrði blaðamanna á Íslandi verið erfið, eins og raunar á við víðar um heim, og í könnun Intellecta var m.a. komið inn á þetta. Þrátt fyrir að blaðamenn virðist almennt ekki hafa hafa beinlínis lækkað í launum á síðasta ári, þá er greinilegt að starfsumhverfið hefur verið mjög erfitt að ýmsu leyti. Þannig er áberandi að rúmlega þrjú af hverjum fjórum blaðamönnum upplifðu að einhverjum félögum þeirra á ritstjórninni var sagt upp. Uppsagnir eru alltaf erfiðar, auðvitað þungbærastar þeim sem



Hefur álag í starfi aukist síðustu 12 mánuði?

fyrir þeim verða, en þær auka spennu og kviða í starfsumhverfinu líka. Þetta má greinilega merkja í svörum við spurningum úr könnuninni sem snerta álag, streitu og vinnufyrirkomulag. Þannig segist rúmlega 61% blaðamanna að breyta hafi þurft vinnufyrirkomulagi vegna uppsagna. Þá er ekki ólíklegt að álag á þá sem eftir eru aukist almennt og það staðfestir þessi könnun. Rétt tæplega 67% blaðamanna segja að álag í starfi hafi aukist á síðasta ári og gildir það nokkuð jafnt um konur og karla. Sambærilegar spurningar um álag meðal blaðamanna árið 2009 gáfu til kynna að álagið hafi þá aukist enn meira á undangengnu ári, sem bendir til að hægt hafi á aukningunni, enda kannski ekki hægt að auka álag jafnt og þétt mjög mörg ár í röð.




Óttastu um atvinnuöryggi þitt?

Þegar síðan er spurt hversu oft streita fylgi starfinu þá segja yfir 85% blaðamanna það vera stundum eða oft. Raunar er það svo að um helmingur segir streitu oft fylgja starfinu en um 35% tala um að hún fylgi starfinu stundum. Þessar niðurstöður um streituna eru nokkuð áþekkar því sem kom fram í könnuninni 2009 og því virðist sem streita og álag sé nokkuð viðvarandi ástand á íslenskum ritstjórnnum. Samanlagt hafa þessi atriði öll áhrif á hugmyndir blaðamanna um eigin stöðu og getu þeirra til að vinna verkefnið með þeim hætti sem þeir telja æskilegt. Uppsagnir, álag, streita og breytingar á vinnufyrirkomulagi eru ekki líkleg til að skapa festu eða tilfinningu um starfsöryggi. Um starfsöryggið var spurt sérstaklega, og eru niðurstöðurnar í raun sláandi. Næstum því annar hver blaðamaður í fullu starfi á Íslandi í dag óttast um starfsöryggi sitt. Konur virðast telja starfsöryggi sitt heldur minna en karlarnir. Þetta eru vísbendingar um að blaðamannastéttin starfi við mjög erfiðar aðstæður, álag, streita og óryggi er aldrei gott fyrir vinnuumhverfi, hvað þá fyrir störf eins og blaðamennsku þar sem krafist er dómgreindar, hlutlægni, gagnrýni og mikillar nákvæmni (stundum að viðlögðum málsóknum).

Áhugasöm stétt

Í þessu ljósi er áhugavert að skoða niðurstöðu úr þeirri spurningu könnunarinnar sem snýr að ánægju í starfi. Þar kemur í ljós að blaðamenn eru upp til hópa ánægðir í sínu



Hversu ánægð(ur) ertu í núverandi starfi?

starfi. Um það bil 72% blaðamanna eru ánægð eða frekar ánægð í starfi, þrátt fyrir óryggi, álag og streitu. Þessi niðurstaða bendir vissulega til að blaðamennskan sé fjölbreytt og skemmtilegt starf, en það má líka túlka þetta þannig að í stétt blaðamanna hafi fyrst og fremst valist fólk sem hefur áhuga á blaðamennsku og hefur ákveðnar hugsjónir og metnað til að vinna þetta tiltekna starf. Þó slíkt sé vissulega jákvætt og blaðamennsku sem fagi til framdráttar, þá gefur þessi könnun okkur alvarlegar vísbendingar um að staðan sé mjög erfið og að brynt sé að auka starfsöryggi og bæta starfsaðstæður og gefa þannig hugsjónafólkinu betra tækifæri til að sinna þessu áhugamáli sínu sem jafnframt er starf þess.

Morgungjöf til lýðveldisins

Blaðamannafélag Íslands átti frumkvæðið að því að ráðist var í að reisa hús yfir Þjóðminjasafnið vegna lýðveldisstofnunarinnar 1944



Eftir
Björn Vigni
Sigurpálsson

Í skjölum Blaðamannafélags Íslands sem eru í vörslu Landsbókasafns Íslands er að finna umslag með bréfi Gunnlaugs Classens, virts læknis í bænum fyrir miðja síðustu öld, og er stílað á „forseta“ Blaðamannafélags Íslands, en Valtýr Stefánsson var þá formaður félagsins og fékk bréfið í hendur. Í bréfinu hvetur læknirinn formann Blaðamannafélagsins til að fá forsvarsmenn blaðanna í bænum til að hætta að birta aðsendar klausur frá „geðbiluðum“ mönnum, eins og segir í bréfinu, enda gamalt og nýtt álitamál í þessum bransa.

Þetta væri svo sem ekki í frásögu færandi nema vegna þess að formaður félagsins hefur tekið bréfið með sér á aðalfund félagsins í mars 1944 og handskrifað aftan á umslag bréfsins frá lækninum svohljóðandi tillögu:

„Blaðamannafélag Íslands skorar á stjórnvöld landsins að hefjast handa

þegar á þessu ári með vandaða byggingu yfir Þjóðminjasafnið.“

Nú þegar Þjóðminjasafn Íslands fagnar 150 ára afmæli sínu og Blaðamannafélag Íslands minnst 115 ára afmælis síns er við hæfi við að rifja upp þetta merkilega frumkvæði blaðamanna og blaða á lýðveldisstofnunarárinu til að færa hinu nýja eða endurreista lýðveldi Íslands morgungjöf við hæfi, eins og það var kallað, byggingu undir hina merku forngrípi landsmanna sem þá höfðu lengi verið á hálfgerðum hrakhólum.

Endalaust á háloftum

Þjóðminjasafnið telst stofnað 24. febrúar 1863, en safnið var oftast nefnt Forngripasafnið fram til 1911 að það hlaut lögformlega það nafn sem enn gildir. Safnið var fyrstu áratuginu til húsa á ýmsum háloftum, Dómkirkju, Tukhúsi, Alþingishúsi og Landsbanka uns það fékk inni í risi Landsbókasafns við Hverfisgötu (nú Þjóðmenningarhúsi) 1908 og var þar í fulla fjóra áratugi.

Þór Magnússon, fyrrverandi þjóðminjavörður, rifjar það upp í Lesbókargrein 1973 í tilefni af 110 ára afmæli safnsins, að þá hafi margir enn minnst „gamla safnsins“ meðan það var enn uppi á Safnahússloftinu. „Maður hittir jafnvel fyrir fólk sem finnst að þar hafi ríkt hið rétta andrúmsloft slíkrar stofnunar. Víst er um það að þar voru að-

stæður aðrar en síðar varð, þrengsli mikil og nær ógerningur að koma fyrir deildaskiptingu sýningargripa svo nokkru næmi.“ Safnið hafði þó mikið aðdráttarafli og Þór minnst þess að á síðustu árum þess þar var á sunnudögum oft mikill fjöldi fólks að skoða safnið á súðarhæðinni við Hverfisgötu.

Árið 1944 rann upp og fljótlega varð ljóst að Íslendingar myndu segja upp sambandslagasamningnum frá 1918 og stofna sjálfstætt lýðveldi. Var þá farið að hugleiða hvernig þeirra tímamóta yrði helst minnst með viðeigandi hætti. Í Tímanum 11. mars 1944 skrifar til að mynda Guðmund Einarsson frá Miðdal, formaður Félags íslenskra myndlistarmanna, grein undir fyrirsögninni „Bygging þjóðminja- og listasafnhúss“, og fjallar hann þar um hversu aðkallandi sé að reisa myndlistasafnhús. Hann segir jafnframt að til mála hafi komið að byggja um leið yfir forngripasafnið og væri það að ýmsu leyti eðlileg ráðstöfun.

Guðmundur segir að skipulagsnefnd borgarinnar hafi nú til umsagnar beiðni um hæfilega lóð undir slíkt hús frá þjóðminjaverðinum, Mattías Þórðarsyni, og frá Félagi íslenskra myndlistarmanna. Efist hann ekki um að slík lóð verði fundin mjög bráðlega. Síðan segir Guðmundur frá Miðdal: „Það má deila um, hvort tími sé til þess kominn að reisa myndlistarsafnhús, en eigi um hitt, að reisa



Þjóðminjasafnsbyggingin eins og hún lítur út í dag en ráðist var í miklar og gagngerar breytingar á húsínu í kringum síðustu aldamót og það þá lokað í um hálfan áratug.

verði hús fyrir þjóðminjasafnið. Verði hins vegar reist slíkt hús við hæfi framtíðarinnar, myndi verða nægjanlegt rúm fyrir myndlistarhúsið í þeim hluta byggingarinnar, sem Þjóðminjasafnið þyrfti ekki að nota fyrst um sinn. – Síðan mætti svo aðskilja söfnin og byggja nýtt hús fyrir málverkasafn ríkisins.“ Sú varð reyndar raunin.

Einhuga frumkvæði blaðamanna

Víkur þá sögunni að aðalfundi Blaðamannafélags Íslands 16. mars 1944. Er skemmst frá því að segja að miklar umræður urðu um tillögudrög formanns á handparaða umslaginu sem nefnt var í upphafi. Málið kom aftur á dagskrá á félagsfundi 14. maí 1944 og er þar samþykkt tillaga frá Vilhjálmi S. Vilhjálmsyni, Alþýðublaðinu, þar sem Bl heitir því að beita sér „af afli

fyrir því, að komið verði upp hið allra fyrsta veglegu húsi yfir Þjóðminjasafnið og þau söfn sem undir það heyra.“

Um þetta leyti var tekin til starfa þjóðhátíðarnefnd um stofnun íslenska lýðveldisins undir forystu dr. Alexanders Jóhannessonar, háskólarektors. Nefndin skrifaði ríkisstjórninni bréf 24. apríl 1944 með tilmælum um að veitt yrði fé til þjóðminjasafns. Þá sat hins vegar utanþingsstjórn við völd og þótti hún ekki líkleg til að geta komið málinu á dagskrá. Blaðamannafélagið tók þá málið upp í kjölfar samþykktar félagsfundar og ákvað að beita sér fyrir því að koma því í framkvæmd. Á fundi 22 félagasamtaka sem haldinn var til að undirbúa þjóðhátíðarskrúðgönguna, flutti Valtýr Stefánsson formaður þetta mál en „Blaðamannafélagið stóð einhuga með málinu án

tillits til pólitískra skoðana félagsmanna,“ segir í frétt í Þjóðviljanum.

Í þjóðhátíðarnefndinni, sem Alexander Jóhannesson háskólarektor fór fyrir, kom sömuleiðis fram hugmyndin um byggingu þjóðminjasafns til minningar um lýðveldisstofnunina, sama hugmynd og komið hafði fram í Blaðamannafélagi Íslands án þess þó að annar aðillinn vissi af hinum. Er skemmst frá því að segja að fyrir áeggjan blaðamanna og þjóðhátíðarnefndar fluttu formenn flokkanna sem á þingi sátu, þeir Ólafur Thors, Einar Olgeirsson, Haraldur Guðmundsson og Eysteinn Jónsson, þingályktunartillögu um að veita þrjár milljónir króna til safnsins og var það samþykkt einróma á Alþingi rétt eftir hátíðahöldin 1944.

Í júlí það ár skipaði þáverandi menntamálaráðherra, Einar Arnórsson, þrjá menn í byggingarnefnd, þá



Alexander Jóhannesson.

Alexander Jóhannesson, Matthías Þórðarson þjóðminjavörð og Valtý Stefánsson, ritstjóra og formann Bláðamannafélags Íslands en næsti menntamálaráðherra, Brynjólfur Bjarnason, bætti síðar tveimur við í nefndina, þeim Kristni E. Andrésyni og Kristjáni Eldjárn magister. Seinna sagði Alexander Jóhannesson að það hefði verið til marks um hversu mjög menn hefðu metið framtak Bláðamannafélags Íslands í þessu máli að Valtýr Stefánsson var skipaður í bygginganefndina og jafnframt að félagið ætti heiðurinn að því hversu skjótt málinu var hrundið í framkvæmd.

Lóðarval

Blöðin fylgdust grannt með gangi mála, m.a. hvar hin nýja bygging skyldi rísa. Um tveimur áratugum fyrr voru svokallaðar Háborgar-hugmyndir Guðjóns Samúelssonar á Skólavörðuholtinu mjög til umræðu og Guðmundur frá Miðdal víkur að því í áður nefndri grein að þá hafi þótt sjálfsagt að ætla safnhúsi fyrir málverk stað sunnanvert við Skólavörðutorg, við hlið Hnitbjarga, safns Einars Jónssonar. Guðmundur segir hins vegar að svo hafi verið þrengt að þessum stað með byggingum við Freyjugötu að það geti naumast orðið. Þótt hús undir þjóðminjasafni sé hér ekki nefnt beinlínis á nafn er ekki ósennilegt að einhverjum hafi þótt við hæfi að tengja safnið Háborgar-hugmyndinni sem aldrei varð. Í Alþýðublaðinu 6. ágúst 1944 birtist hins vegar frétt undir fyrirsögninni: Verður hús Þjóðminjasafns-



Matthías Þórðarson.

ins byggt á Háskólalóðinni? Þar sagði að á fundi sínum í fyrradag hefði bæjarráð fyrir sitt leyti samþykkt að bygging undir þjóðminjasafni yrði reist á háskólalóðinni. „Hefur háskólaráð boðið lóð undir byggingu þjóðminjasafns fyrir vestan gamla stúdentagarðinn, og telur byggingarnefnd þjóðminjasafnsins að þessi lóð sé á margan hátt ákjósanleg, þó ekki sé að fullu búið að taka ákvörðun um hvort bygging þjóðminjasafnsins verði reist þar.“

Sú varð raunin því að litlu síðar eru fréttir af því að háskólaráð hafi fúslega afhent hluta af lóð sinni undir safnhúsið, á horninu milli Melavegar (núverandi Suðurgötu) og Hringbrautar, fyrir vestan gamla stúdentagarðinn. Voru Sigurður Guðmundsson arkitekt og Eiríkur Einarsson ráðnir til að gera teikningar að húsinu. Í Tímanum 26. júní 1945 er svo smáklausa um að Sigurður Guðmundsson sé farinn „loftleiðis til Svíþjóðar“ og sé erindi hans utan að kynna sér nýjungar á sviði safnabygginga. Jafnframt segir frá því að Kristján Eldjárn magister hafi verið ráðinn aðstoðarmaður við þjóðminjasafnið og hann hafi lagt sérstaka stund á þau fræði er lúta að verndun og söfnun fornminja.

Í Morgunblaðinu 23. ágúst 1947 kemur fram að risgjöld vegna byggingarinnar hafi verið haldin daginn áður. Byggingarnefndin fór við það tækifæri yfir byggingarsöguna fram að þeirri stundu. Byrjað var að grafa fyrir grunni byggingarinnar 1. apríl 1946 en steypuvinna byrjaði 16. maí sama ár og hafði 2 milljónum króna



Valtýr Stefánsson.

verið varið til framkvæmdanna til þessa. Var það aðeins helmingur þess fjár sem Alþingi hafði veitt til byggingarinnar en þegar undirbúningur var langt kominn hafði verið ákveðið að stækka bygginguna um fjórðung og fékkst þá 1 milljón til viðbótar frá Alþingi.

Í ávarpi sínu í tilefni risgjaldadagsins sagði dr. Alexander Jóhannesson: „Bygging þessi hefur verið nefnd „morgungjöf“ íslensku þjóðarinnar, og mun henni verða fagnað af öllum Íslendingum, er henni er lokið. En hún mun einnig vekja athygli annarra þjóða, og einkum þeirra, er oss eru skyldastar, og verða talin, vegna fjársjóða þeirra sem hún á að geyma, meðal merkustu stofnana þjóðarinnar.“

Snurfusað og fægt

Og blöðin haldi áfram að fylgjast með framkvæmdum eftir því sem þeim miðaði áfram. Vilhjálmur S. Vilhjálmsson, tillöguhöfundurinn eins og áður er nefnt, skrifaði í dálk sinn, Hannes á Horninu, í Alþýðublaðinu 28. október 1948:

„Undanfarið hafa menn beðið eftir því með allmikilli eftirvæntingu að sjá hvernig eitt af nýjustu og mestu stórhúsum bæjarins myndi líta út þegar búið væri að taka utan af því grindurnar sem verið hafa utan um það meðan bygging þess hefur staðið yfir. Fólki þykir ákaflega vænt um þetta hús. Það er hús þjóðminjasafnsins og allir vita að Íslendingar unna mjög öllum þjóðlegum minjum, sem

eru svo tilfinnanlega fáar – og auk þess er húsið gjöf þjóðarinnar til hins endurreista lýðveldis. En eins og kunnugt er samþykkti alþingi að láta byggja þetta mikla hús til minningar um endurreisn lýðveldisins 17. júní 1944.

Húsið er líka mikið. Og veglegt. En einhvern veginn er það svo, að það ruglar fólk. Fólk getur ekki, þótt það sé allt að vilja gert, gert sér grein fyrir því, hvernig það muni líta út fullgert, og fleiri en einn hafa haft orð á því við mig, hvort margir arkitektar hafi teiknað húsið án þess að vita hver af öðrum – og svo hafi verið tekið eitt-hvað úr teikningum þeirra allra þegar heildarbyggingin var gerð.

Ekki veit ég um það. En ótrúlegt

finnst mér það. Hins vegar verð ég að játa, að það fer fyrir mér eins og mörgum öðrum, að ég get ekki áttað mig á húsinu. Það er með svo mörgum útskotum og útúrbyggingum, kistum, kössum, tröppum, og ég veit ekki hvað ég á að telja meira að mér finnst eins og þetta sé ekki neitt hús, heldur einhvers konar ruslaskrína margra húsa. Hitt þori ég alls ekki að fullyrða, að hér verði ekki um fallett hús að ræða, þegar allt er orðið snurfusað og fægt. Maður er leikmaður í þessu – og á eiginlega að segja fátt þangað til verkið liggur fyrir í heild sinni.“

Einhvern veginn kunnugleg orðræða – kemur kannski Harpa upp í hugann?

Og húsið reis og byggingarnefndin

afhenti það menntamálaráðherra hinn 22. febrúar 1952 – „snurfusað og fægt“ svo notuð séu orð Hannesar á Horninu. Voru þá liðin tæplega 6 ár frá því að byrjað var að grafa fyrir húsinu og þegar allt var talið kostaði þjóðminjasafnsbyggingin rétt líðlega 7,2 milljónir eða 386,10 kr. á rúmmetrann sem þótti vel sloppið. Einum manni var þó léttara en öllum öðrum. Það var Matthías Þórðarson þjóðminjavörður sem reyndar var þá gerður að heildsdróttur við Háskóla Íslands en hann lýsti við þetta tækifæri martraðarkenndum ótta sínum við að gersemar þjóðarinnar yrðu eldi að bráð á hinum aðskiljanlegu háloftum sem hýst höfðu þær í fortíðinni. Nú voru þær hólpnar.



MÁLFARSHORN

Tengingar

- „**Þrátt fyrir að**“ er ofnotuð samhenging.
- Nota ber „**þrátt fyrir**“ sem forsetningu:
 - Samkomulag náðist **þrátt fyrir** ágreiningu.
 - *Samkomulag náðist þrátt fyrir að ágreiningur hefði ríkt (munið forsetningar stýra falli, beygjið orðið sem á eftir kemur á réttan hátt. Þrátt fyrir stýrir þolfalli).

(Ath. stjórnumerka setningin er ótæk)

Fornöfn

- Persónufornöfn (ég, þú, hann o.s.frv.) geta ekki vísað til framlags innan sömu setningar. Afturbeygd fornöfn (sig, sér, sín) vísa innan sömu setningar:
 - Jón rakaði **sig** (s.s. sjálfan sig).
 - Jón rakaði **hann** (s.s. einhvern annan mann).

Enskan læðist inn

- „**Í dag**“ má ekki nota eins og „**today**“ á ensku. Rétt er að nota: **Nú til dags / nú á dögum / núna.**
- „**Talandi um**“ er enskuskið orðalag. Rétt er að nota „**fyrst minnst er á**“.
- Enska nafnorðaveikin: „Engin slys urðu á fólki.“ Betra að segja: „Enginn slasaðist.“
- „**Á sama tíma**“ er þýðing úr ensku. Betra að nota: „**samtímis**“ eða „**jaframt**“.
- Íþróttalýsingar oft mjög enskuskið: „**Hinn tuttugu og fimm ára gamli miðframherji skoraði sitt fyrsta mark** með liðinu...“

Orðaleppar

- **Inni í myndinni.** Afar órókrétt og leiðinleg klisja. Merking óljós.
- **Á kortinu og uppi á borðinu.** Myndlíkingar í stíl við „inni í myndinni“ og merkingin álíka loðin.

- **Í farvatninu.** Í skandínávískum málum merkir „farvatn“ siglingaleið, en merking þessarar klisju er afar óljós í íslensku.
- „**Að vera að-veikin**“
- Ekki segja: **Landsliðið er að spila vel.** „Er að“ er hér ofaukið. Örugglega ensk áhrif: „They are playing well“.
- *Ég er ekki að fatta þetta orðalag (úff!)
- *Þetta er bara ekki að gera sig (úff!)
- Algengt er að heyra talað um „**mikið af fólki**“.
- Rétt er að segja **margt fólk**.
 - Margt fólk var í bænum á 17. júní.
 - *Mikið af fólki var í bænum á 17. júní.
- Á sama hátt á að segja **margir menn / margt fólk** en ekki mikill fjöldi manna.
 - Margt fólk var þar samankomið...
 - *Mikill fjöldi manna var þar samankominn...

(Ath. stjórnumerku setningarnar eru ótækar)

Svolítill vísir að blaðamannatali



Eftir Björn Vigni Sigurpálsson

Í margvíslegum skjölum Blaðamannafélags Íslands, sem varðveitt eru á Landsbókasafni Íslands og spanna aðallega tímabilið frá því rétt fyrir seinna stríð og fram undir 1960, er að finna drög að blaðamannatali sem tekið var saman fljótlega upp úr 1950 og talsvert fram eftir sjötta áratugnum. Þessi drög hafa verið skönnuð og eru nú aðgengileg á vef Blaðamannafélagsins, *press.is* – <http://press.is/images/saga/felagatal.pdf>.

Það má hins vegar ljóst vera að þau drög að stéttartali blaðamanna á þessum tíma eru engan veginn tæmandi, enda menn misjafnlega viljugir að senda inn upplýsingar um sig eins og oft vill verða.

Langur aðdragandi

Blaðamannatalið átti sér töluverðan aðdraganda. Í fundargerð frá 18. mars 1951 er fært til bókar undir milli-fyrirsögninni **Félagatal og æviatriði**.

Stjórnin lagði fram svohljóðandi til-lögu, sem hlaut mjög góðar viðtökur og einróma samþykki:

„Fundur í Blaðamannafélagi Íslands, 18. marz 1951, samþykkir að láta prenta eyðublöð undir helztu æviatriði og störf félagsmanna í því skyni að koma upp íslenzku blaðamannatali. Fundurinn felur ritara félagsins að

safna upplýsingum þessum, ásamt myndum hjá öllum núverandi félagsmönnum BÍ og ennfremur samskonar upplýsingum um þá sem hafa verið í félaginu einhverntíma á sl. 15 ára tímabili, og loks einnig um eldri blaðamenn frá eldri tímum eftir því sem tók verða á.“

Tæplega árið síðar, eða á aðalfundi Blaðamannafélagsins 3. febrúar 1952, má m.a. lesa í skýrslu Jóns Bjarnasonar á Þjóðviljanum og formanns BÍ í aðalfundargerðabók félagsins:

„Fyrsta verkefni okkar í félagsstjórninni, í fyrra um þetta leyti, var að láta gera ný félagsskirteini. Jafnframt gerðum við í fyrsta sinni númeraða félagaskrá og létum félagsmenn fá félagsnúmer í þeirri röð sem þeirra er fyrst getið í fundargerðabók félagsins – svo langt sem hún nær. Eina undantekningu frá þessari reglu gerðum við þó, þá að heiðursfélagarnir Árni Óla og Skúli Skúlason hafa félagsnúmer nr. eitt og tvö.



Skúli Skúlason. Handhafi blaðamanna-skirteinis nr. 2 fyrsta árið sem slík skirteini voru gefin út.

Blaðamannatal

Í þessu sambandi létum við gera eyðublöð fyrir blaðamannatal sem hverjum félagsmanni er ætlað að fylla út sjálfur, þar sem í stuttu máli sé getið helztu æviatriða. Með þessu fyrirkomulagi ætlum við að koma upp stofni að íslenzku blaðamannatali. Ég vil taka það fram, að við eigum ekki hugmyndina að þessu heldur er þetta einungis framkvæmd á þeirri hugmynd sem Skúli Skúlason kom með á sínum tíma.“

Þarna kemur fram að hugmyndin að blaðamannatali á sér lengri aðdraganda og svo vel vill til að í skjölum BÍ á Landsbókasafni er að finna dæmi þar um. Til er prentað eyðublað með haus félagsins, sett upp með svipuðum hætti og gert var síðar eins og lýst var hér að framan. Eyðublaðið er stílað á Jón Kjartansson (ritstjóra Morgunblaðsins). Strokað hefur verið yfir fyrirsögnina **Inntökubeiðni**, en undir henni hefur verið vérlitað: „Eftirfarandi upplýsinga er beiðst til þess, að þær geti orðið stofn að heimildum um íslenska blaðamenn. – Svarið sem ítarlegast og skrifði á bakið það, sem þér getið ekki komið fyrir í dálkunum. SK.SK.“

Tilskrif þetta er augljóslega frá Skúla Skúlasyni og Jón Kjartansson fyllir samviskusamlega út eyðublaðið og við undirskrift dagsetur hann það 12. mars 1943.

Skúli var þá formaður félagsins.

Glaða fundargerðabókin

Í áður nefndri skýrslu formanns til aðalfundarins 1952 er jafnframt vikið að ritun sögu íslenskra blaðamanna, eða eins og formaðurinn segir:

„Í þessu sambandi vil ég aðeins minnst nokkrum orðum á sögu fé-

lagsins. Slíkt blaðamanna-
tal er vitanlega ekki mikill
skerfur til sögu félagsins,
en áreiðanlega myndum
við nú vilja gefa töluvert til
að hafa í höndum slíkt fé-
lagsmannatal frá því að
félagið var stofnað. Það er
ekki vanzalaust fyrir
Blaðamannafélagið hve
þekking á sögu þess og
íslenzkrar blaðamanna-
stéttar er í molum. Blaða-
mannafélag Íslands varð
50 ára haustið 1947 og á
því í nóvember í haust hið
skemmtilega afmæli að
verða 55 ára. Fundar-
gerðabók félagsins frá
fyrrihluta þessa tímabils er
glötuð. Árið sem félagið
varð 50 ára reyndum við
Bjarni Guðmundsson, þá-
verandi formaður, mikið til
þess að hafa upp á hinni
glötuðu fundargerðabók,
og þá ekki sízt í því
augnamiði að félagið gæfi

út afmælisrit, en sú leit
varð árangurslaus. Ef félagið
hygðist gefa út sögu sína,
segjum á sextugs-
afmælinu – eftir 5 ár –
væri æskilegt að fara að
hafa það í huga að safna
efni til hennar, og þá fyrst
og fremst eldri hlutans,
því það tekur tíma. Fundar-
gerðabókin sem ég minntist á
áðan, var til fyrir u.þ.b. átta
árum. Það eru því allar líkur
fyrir því að hún sé til enn,
þótt hún sé gleymd þar sem
hún er niðurkomin. Ég vil því
heita á alla félagsmenn að
reyna að grafast fyrir fyrir
um það hvar fundargerðabók
þessi muni nú vera.“

Nú, líðlega hálfri öld síðar,
hefur enn ekkert spurst til
nefndrar fundar-
gerðabókar, svo að fullvíst má
telja að hún sé glötuð með
öllu, en á hinn bóginn hefur
orðið mikil bragarbót í þekkingu
á sögu blaða, blaðamennsku
og fjölmiðla almennt.

Á þessari rúmu hálfu öld sem
liðin er frá því að orðin hér á
undan voru rituð hafa komið út
tvö grundvallarrit um sögu
blaðamennskunnar – *Blöð og
blaðamenn 1773-1944* eftir Vil-
hjálm Þ. Gíslason, fyrrverandi út-
varpsstjóra, frá árinu 1972, og *Nýjustu*

*fréttir! Saga fjölmiðlunar á Íslandi frá
upphafi til vorra daga* eftir Guðjón
Friðriksson, sagnfræðing og fyrrum
blaðamann, frá árinu 2000. Í báðum
tilfellum var frumkvæðið að ritun bók-
anna komið frá Blaðamannafélaginu.

Yfirlit og fróðleikur

Hins vegar hefur blaðamannatal enn
ekki litið dagsins ljós þótt um það hafi
verið rætt í tilefni 100 ára afmælis
félagsins 1997, en fjölmiðlasaga Guð-
jóns Friðrikssonar reyndist nægilega
stórt viðfangsefni við það tækifæri.
Nú, 15 árum síðar – á 115 ára afmæli
félagsins – þegar aftur var farið að
grufna í skjölum Blaðamannafélagsins
á Landsbókasafni og gömlu drögin
að blaðamannatalinu frá sjötta ára-
tugnum rifjuðust upp, kviknaði sú
hugmynd hvort ekki mætti nýta upp-
lýsingar sem þarna liggja fyrir með
einhverjum hætti, fylla upp í myndina
og jafnvel láta rætast drauma for-
svarsmanna félagsins í byrjun sjötta
áratugarins um upplýsingar „einnig

um blaðamenn frá eldri
tímum, eftir því sem tök
verða á“.

Afraksturinn er það sem
kosið hefur verið að nefna
Blaðamannaminni. Þetta
er ekki eiginlegt stéttartal í
hefðbundnum skilningi
heldur fremur samantekt
eða yfirlit og fróðleikur um
blaðamenn allt frá árinu
1773 til félagsmanna sem
voru á skrá 14. febrúar
1960.

Þetta er heldur ekki
tæmandi yfirlit yfir starf-
andi blaðamenn á þessum
tíma, sérstaklega ekki
þegar á liður og fjölga fer í
stéttinni, þó að margir
staldri stutt við. Engu að
síður hefur þess verið
freistað að afla sem ná-
kvæmastra upplýsinga um
sem flesta sem störfuðu í
stéttinni einhver ár. Ekki
allir þeirra urðu félagar í BÍ
en störfuðu í nánnum
tengslum við félagsmenn.

Sú leið hefur verið valin að hafa
þetta yfirlit – að minnsta kosti til að
byrja með – eingöngu á vef Blaða-
mannafélags Íslands, *press.is*, þar
sem finna má stiklur um ýmislegt í
sögu félagsins. Þar má líta á yfirlitið
sem „lifandi skjal“, þar sem hægt
verður að auka við upplýsingar ef eitt-
hvað þykir vansagt, leiðrétt ef eitt-
hvað er ranghermt og vonandi bæta
við nöfnum félagsmanna sem eru enn
nær okkur í tíma. Kosturinn við að
hafa upplýsingar sem þessar á vefn-
um er að auðvelt er að tengja við þær
alls kyns ítarupplýsingar sem að-
gengilegar eru á netinu, svo sem hjá
wikipediu, alfræðiritinu á netinu, í al-
þingismannatali þar sem margir fé-
lagsmenn eru nefndir til sögunnar,
minningargreinum í blöðum um
gengna féлага á ýmsum tímum, auk
fróðleiksmola ýmis konar og þar fram
eftir götum. Þá hefur mjög verið stuðst
við blaða- og fjölmiðlasögurnar tvær
sem áður er lýst.

Hverskyns ábendingar og frekari
upplýsingar eru svo eftir sem áður vel
þagnar.

Jón Kjartansson
BLAÐAMANNAFÉLAG ÍSLANDS

TINNÞOKUBEIÐNI

Eftirfarandi upplýsinga er beiðt til þess, að þú geta gefið stafræna og
heimildum um íslenska blaðamenn. – Svartið sem ítarlegast og skrifað á
þessu þú, sem þú getið ekki komið fyrir í öðlunum. 09.09.

Heimildum þessu eru heimildum um blaðamenn og varðandi
spurningar þessir:

Nafn blaðamanns: *Jón Kjartansson*

Fæðingarsíður, dagur og ár: *Skál, Frakkabjargi, U. Skjál, 20. júlí 1893*

Dvalarsíður (og tími á hverjum stað): *Skál 1-2 ár, Vellí, Kungur,
Vallens en 2 ár, Skóla-Ást í Vellí 2 ár,
Súður-Vík í Vellí 2 ár, Vellí 2 ár*

Skólanám: *Áttunda Gagnfróðis skólanám á Vellí
Lífur (Mastakbláttur) í Vellí, 1910-1912,
Lífur í Vellí 1912-1913, Vellí 1913-1914,
Hælu stú: *Frakkabjargi, 1910-1912, Vellí 1912-1913**

Hvort þú byrjað á blaðamennsku: *1. apríl 1912.*

Við hvaða blaði starfað? (og hve lengi við hvert) *Morgunblaðið,
alla tíð, á samt Örn og Víkur, Vellí,
Kald og Vellí.*

Sérgerin í blaðamennsku?: *Viðallega stjórnmála gerin*

Er blaðamennska aðalstarf þitt?: *Já.*

Hælu aukastöf: *Frakkabjargi, Vellí, Skóla-Ást*

Reykjavík, 12. Mars 1948
Jón Kjartansson

Eyðublaðið frá Skúla Skúlasyni sem Jón Kjartansson fyllti samvisku-
samlega út.

Kjarakönnun fyrir Blaðamannafélag Íslands:

Laun blaðamanna frá hruni hækkað umfram neyslúvísitölu

Kaupmáttur heildarlauna blaðamanna hefur aukist á síðustu árum og hækkað aðeins umfram verðlagsþróunina. Þetta má lesa út úr kjarakönnun sem fyrirtækið Intellecta gerði fyrir Blaðamannafélagið í lok síðasta árs og er sambærileg við könnun sem gerð var árið 2009. Heildarlaun blaðamanna hækkuðu að meðaltali um 16,5% frá 2009 til ársloka 2012 og föst laun hækkuðu heldur minna eða um 15,5%. Þessi hækkun er umfram hækkun vísitölu neyslúverðs á sama tímabili sem hækkaði um 13,3%. Heildarlaun blaðamanna í árslok í fyrra voru að meðaltali 476.624 krónur.

Karlkyns blaðamenn eru að meðaltali með heldur hærri heildarlaun en konur og munar þar rúmlega 34 þúsundum á mánuði. Þá virðist menntun skipta máli þegar heildarlaun eru annars vegar, þó þannig að þeir sem hafa BA/Sc gráðu eru með hæstu launin og eru jafnvel heldur hærri en þeir sem eru með mastersgráðu. Ýmsar skýringar kunna að vera á því, eins og t.d. að þeir sem hafa BA/Sc próf hafi lengri starfsaldur eða vinni lengur en aðrir.

Áhugavert er að skoða tengsl heildarlauna og fastra launa. Svo viðist sem föst laun séu orðin mjög stór hluti af heildarlaunum eða um og yfir 95% að meðaltali. Er þá meðtalin öll yfirvinna og vaktaálag þegar það á við, en talsvert algengt virðist vera að samið sé um föst laun þar sem tiltekið magn yfirvinnu sé innifalið. Afar misjafnt er hversu mikil yfirvinna er innifalin í slíkum samningum ef marka má opin svör við slíkri spurningu. Mjög algengt er að slíkt sé ekki skilgreint sérstaklega og unnið sé eftir þörfum, sem yfirleitt þýðir umtalsverða yfirvinna sem ekki er þá sérstaklega greitt fyrir en á að heita inni í föstu launinum. Þessi staðreynd er ekki síst athyglisverð í ljósi þess að tæplega þriðjungur blaðamanna, eða 29,6% segjast vinna meira en 20 yfirvinnutíma í mánuði og 66% blaðamanna vinna meira en 10 tíma í yfirvinnu á mánuði.

Í ljósi þess að laun blaðamannastéttarinnar hafa að meðaltali ekki hækkað mikið umfram neyslúvísitölu kemur það ekki á óvart að langflestir, eða rúm 65% nefna „almennar launahækkanir“ þegar þeir eru spurðir hvað þeir telji að leggja ætti mesta áherslu á í komandi kjarasamningum. „Taxtahækkanir“ koma síðan í öðru sæti og nefna 47,6% það sem sérstakt áhersluatriði í samningum. Báðar lýsa þessar áherslur ákveðinni óánægju með launakjörin

almennt en því til viðbótar er sérstök ástæða til að draga fram það atriði sem kemur í þriðja sæti í þessari könnun. Það er spurningin um starfsöryggi en rúm 38% blaðamanna sem svöruðu könnuninni nefna þetta sem mikilvægt atriði. Raunar skjóta starfsöryggismál víða upp kollinum í þessari könnun sem þarf ekki að koma á óvart í ljósi þeirra miklu aðhaldsaðgerða sem gripið hefur verið til á fjölmiðlum. Hins vegar virðist starfsánægja vera talsverð þrátt fyrir erfiðleikana (sjá einnig grein hér frammar í blaðinu). Önnur atriði sem blaðamenn vilja leggja áherslu á þó



Heildarlaun blaðamanna í árslok í fyrra voru rúmar 476 þúsund krónur og höfðu hækkað um 16,5% frá hruni. Mynd: Birgitta Sif

Í minni mæli sé, eru styttri vinnutími, lengra orlof, aukin lífeyrisréttindi, lægri eftirlaunaaldur og sveigjanlegri vinnutími.

Það vekur athygli í þessari könnun að umtalsverður hugur hefur verið í mjög mörgum blaðamönnum varðandi launapróunina og kemur þetta vel fram í opinni spurningu um hvað félagsmenn telji árangursríkar aðgerðir í kjara-

baráttu blaðamanna. Svörin benda almennt til að blaðamenn telji sig þurfa að sækja kjarabætur sjálfir og í þeim efnum sé samtakamátturinn líklegastur til árangurs, hvort sem það kalli á að verkfallsvopninu verði beitt eða ekki.

Könnun Intellecta var framkvæmd í gegnum vefinn í nóvember 2012. Hún byggir á 126 svörum félaga í Blaðamannafélagi Íslands þar sem yfir 95% voru í fullu starfi.

Kjarakönnun 2012	Fótt laun, þús. kr.				Heldri laun, þús. kr.			
	25% mörk	Meðaltal	Miðgildi	75% mörk	25% mörk	Meðaltal	Miðgildi	75% mörk
Allir	369	483	420	510	383	477	448	542
Kynn								
Kerfi	360	471	420	520	406	502	476	676
Kona	336	448	420	511	378	467	447	511
Hvaða námi hefur þú lokið?								
Grunnskólaprófi	356	409	411	493	363	434	411	540
Stúdentsprófi	350	428	410	493	363	434	411	528
BA/BS námi	378	478	411	550	402	607	456	681
MA/MS eða lengra námi	376	473	490	550	400	491	460	560
Öðru	408	478	485	501	408	470	481	515
Starfsaldur í blaða- og fréttamennsku								
Stærstur en 1 ár								
1-5 ár	321	367	367	443	335	408	380	460
6-10 ár	388	462	408	498	403	476	430	490
11-15 ár	378	500	488	582	447	630	511	602
16-20 ár	444	577	557	673	503	688	583	685
20 ár eða fleiri	388	487	420	513	386	488	478	588
Ábyrgð:								
Almennur blaða- / fréttamaður	350	390	384	426	350	418	415	450
Valdögðri	378	446	420	528	450	487	488	638
Annar ábyrgðar- eða yfirmannastarfi	406	533	506	588	418	660	618	682
Launatryggingarmúg:								
Fótt mánaðarlaun, með yfirvinnu	307	498	485	558	410	618	491	678
Tætt og grætt fyrir unna yfirvinnu	350	379	388	419	378	441	420	492

Kjarakönnun 2009 og 2012, samanburður	Grunnlaun á mánuði, þús. kr.					Heldri laun á mánuði, þús. kr.				
	25% mörk '09	25% mörk '12	Meðaltal '09	Meðaltal '12	Breyting	25% mörk '09	25% mörk '12	Meðaltal '09	Meðaltal '12	Breyting
Allir	310	388	392	483	16,8%	388	420	408	610	18,0%
Kynn										
Kerfi	325	380	406	471	16,0%	388	420	476	620	18,4%
Kona	294	388	370	448	18,4%	350	420	406	611	19,7%



Tilnefningar til Blaðamannaverðlauna 2012

Hér á eftir fara tilnefningar dómnefndar til blaðamanna-
verðlauna fyrir árið 2012. Tilnefningar eru þrjár í hverjum
flokki, en flokkarnir eru nú fjórir þar sem flokkurinn „Viðtal
ársins“ er nú með í fyrsta sinn.

Umfjöllun ársins

Egill Ólafsson, mbl.is (Morgunblaðinu), fyrir vandaðan,
skjótan og alhliða fréttaflutning af illviðri og snjókomu í
september 2012, þar sem frá upphafi var dregin fram og
skilgreind yfirvofandi ógn fyrir fólk og búfenað.

Kristjana Guðmundsdóttir, DV, fyrir viðamikinn og
vandaðan greinaflokk um einhverfu, ýmsar birtingarmyndir
hennar og vandamál við greiningu, ekki síst hjá stúlkum.

Sunna Valgerðardóttir, Fréttablaðinu, fyrir áhrifamikla,
heildstæða og vel unna röð fréttaskýringa um stöðu geðfatlaðra.

Rannsóknarblaðamennska

Andri Ólafsson, Stöð 2, fyrir afhjúpanði fréttir af aðkallandi
fjárhagsvanda hjúkrunarheimilisins EIR.

Jóhann Bjarni Kolbeinsson, fréttastofu RÚV, fyrir upp-
ljóstrandi og ítarlega umfjöllun um kadmiúm í áburði ann-
ars vegar og notkun iðnaðarsalts í matvælum hins vegar.

Jóhannes Kr. Kristjánsson, Kastljósi, fyrir að draga
fram óbirtar og gagnrýnar skýrslur Ríkisendurskoðunar um
bókhaldskerfi ríkisins og fyrir að varpa, ásamt Helga Seljan,
ljósi á umdeild atriði varðandi innleiðingu kerfisins.

Viðtal ársins

Anna Brynja Baldursdóttir, Vikunni, fyrir opinskátt viðtal
við Agnesi M. Sigurðardóttur, biskup sem tjáði sig þar með
einlægum hætti um bæði persónuleg mál sín og atriði sem
varða embættið.

Sigmar Guðmundsson, Kastljósi, fyrir sérstaklega
áhrifaríkt og sterkt viðtal við Eirík Inga Jóhannsson, sjó-
mann sem komst lífs af þegar togarinn Hallgrímur fórst.

Skapti Hallgrímsson, Morgunblaðinu, fyrir sérstaklega
vel skrifað og lifandi mannlífsviðtal við eistneska tónlistar-
manninn Valmar Völjaots.

Blaðamannaverðlaun ársins

Ingi Freyr Vilhjálmsson, DV, fyrir umfjöllun um fiskveiðar
Íslandinga við Afríku og ýmis skrif um viðskipti og uppgjör í
kjölfar hrunsins.

Ragnar Axelsson, Morgunblaðinu, fyrir merka umfjöll-
un og myndir af stórum pollum á Grænlandsjökli sem voru
til marks um óvenju mikla bráðnun Grænlandsjökuls.

Una Sighvatsdóttir, mbl.is (Morgunblaðinu), fyrir
greinaflokkinn Váin á vegum, þar sem fjallað var um um-
ferðarslys frá mörgum sjónarmiðum með því að tvíanna
saman ýmsar fjölmiðlagáttir s.s. prentmiðillinn, netið, gagn-
virka grafíska framsetningu og myndskreið.



Verðlaunahafar Blaðamannaverðlauna 2012, f.v. Ragnar Axelsson, Sigmar Guðmundsson, Sunna Valgerðardóttir og Jóhann Bjarni Kolbeinsson.
Mynd: sbs

Verðlaunahafar og rök dómnefndar

Umfjöllun ársins 2012

Sunna Valgerðardóttir, Fréttablaðinu, fyrir áhrifamikla, heildstæða og vel unna röð fréttaskýringa um stöðu geðsjúkra. Fréttaskýringaflokkur Sunnu tók með yfirgripsmiklum hætti á flóknu og vandasömu vandamáli sem skoðað var frá mörgum hliðum. Í umfjölluninni voru ýmis álitamál dregin fram í dagsljósið sem ekki hafa farið hátt og nýju ljósi varpað á önnur sem urðu tilefni sjálfstæðra fréttu, bæði á forsiðu blaðsins og víðar. Jafnvægi var í umfjölluninni, þar sem teft var saman í hæfilegum hlutföllum lífsreynslusögum geðfatlaðra einstaklinga og sjónarmiðum hinna ólíku fulltrúa stjórn- og heilbrigðiskerfisins auk þess sem staða mála var borin saman við nágrannalönd. Greinaflokkurinn var vel skrifaður, uppbygging markviss og framsetning var lífleg og aðgengileg fyrir lesendur.

Rannsóknarblaðamennska ársins 2012

Jóhann Bjarni Kolbeinsson, fréttastofu RÚV, fyrir uppljóstrandi og ítarlega umfjöllun um kadmíum í áburði annars vegar og notkun iðnaðarsalts í matvælum hins vegar. Mikilvægt hlutverk blaðamanna er að veita valda- og stjórnkerfum samfélagsins aðhald, ekki síst þeim stofnunum sem sjálfar eiga að veita aðhald og eftirlit. Rannsókn Jóhanns Bjarna á starfsháttum Matvælastofnunar leiddi í ljós að stofnunin hefði brugðist hlutverki sínu í mikilvægum atriðum. Hann upplýsti um að allt of mikið af þungmálminum kadmíum hefði verið í þúsundum tonna af áburði frá Skeljungi sem notaður var vorið 2011 og að Matvælastofnun hefði ekki stöðvað dreifinguna þrátt fyrir að hafa vitað af ágöllum áburðarins, heldur aðeins upplýst söluaðila sem síðan hélt viðskiptavinum sínum óupplýstum í hálf ár. Jóhann Bjarni fylgdi málinu vel eftir og annað mál af svipuðum toga fylgdi beint í kjölfarið þegar hann upplýsti fyrstur manna um að Ölgerðin hafði í stórum stíl selt iðnaðarsalt til matvælaframleiðenda og að hvorki Matvælastofnun né Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur höfðu upplýst um málið eftir að það kom upp innanhúss hjá þeim. Í báðum þessum tilvikum voru fréttirnar og öll undirbúningsvinna traust og til fyrirmyndar, enda vöktu þessi mál almenna athygli og drógu fram í dagsljósið vinnubrögð og starfshætti sem rík ástæða var til að breyta.

Viðtal ársins 2012

Sigmar Guðmundsson, Kastljósi, fyrir sérstaklega áhrifaríkt og sterkt viðtal við Eirík Inga Jóhannsson, sjómann sem

komst lífs af þegar togarinn Hallgrímur fórst. Eiríkur Ingi hafði stórbrotna harmsögu að segja aðeins viku eftir að hann hafði einn komist lífs af úr skelfilegu sjóslysi. Hér var Kastljós með efnivið um harmrænan atburð og alvarlega frásögn sjómannsins. Það er vandaverk sem krefst þekkingar og reynslu blaðamanns að koma bæði atburðinum til skila svo og frásögn sögumanns. Þetta kallaði á óvenjulega lausn. Sigmar Guðmundsson sýndi bæði sögunni og sögumanni verðskuldaða virðingu þegar hann ákvað að þverbrjóta allar reglur Kastljóss um efnismeðferð og lét frásögn Eiríks flæða í fullri lengd og ótruflaða. Ritstjórn og blaðamennska felst iðulega í því að stytta, stýra og spyrja þannig að henti þeim miðli og því formi sem við á hverju sinni. Hér var efnivið meðvitað ekki lagað að rammanum heldur ramminn að efninu í þessu lang lengsta sjónvarpsviðtali í manna minnum. Viðfangsefnið var vandmeðfarið, ekki síst í ljósi þess hve stutt var frá slysinu og síðareglur blaðamenskunnar gera miklar kröfur í slíkum tilfellum. Þessum kröfum var mætt með góðum undirbúningi og viðtalið tekið eftir samráð við og samþykki sálfræðings Eiríks Inga og umræður við hann sjálfan.

Blaðamannaverðlaun ársins 2012

Ragnar Axelsson, Morgunblaðinu, fyrir merka umfjöllun og myndir af stórum pollum á Grænlandsjökli sem voru til marks um óvenju mikla bráðnun jökulsins. Einlægur áhugi Ragnars á mannlífi og náttúru á norðurslóðum hefur á umliðnum árum komið fram í glæsilegri umfjöllun í máli og myndum og vakið alþjóðlega athygli. Umfjöllun hans um fjölda stórra nýrra vatna eða polla norðarlega á Grænlandsjökli sem rekja má til hlýnunar jarðar er engin undantekning. Eftir að hafa sjálfur uppgvötað þessar náttúrufarsbreytingar á jöklinum úr flugvél fór blaðamaðurinn Ragnar Axelsson aftur á staðinn til að mynda og skoða fyrirbærið með það að markmiði að greina umheiminum frá því. En í stað þess að sýna sérfræðingum myndir og segja þeim frá málinu fékk hann Harald Sigurðsson jarðfræðing með sér á staðinn til að leggja mat á þær breytingar sem þarna höfðu orðið. Útkoman var stórglæsileg umfjöllun í máli og myndum sem ber vitni um vönduð vinnubrögð, skipulagningu og útsjónarsemi samfara næmum skilningi á samspili mynda og texta í fjölmiðlun, ekki síst í umfjöllun um umhverfismál.



Verðlaunamyndirnar 2012

Dómnefnd:

*Porkell Þorkelsson, formaður
Haraldur Hannes Guðmundsson
Karl Petersson
Dagur Gunnarsson
Bjarni Eiríksson
Hörður Sveinsson
Gísli Egill Hrafnsson*



Ljósmyndari:

Kjartan Þorbjörnsson

Mynd ársins



Umsögn dómnefndar:

Í þessari einföldu mynd er sögð flókin saga þjóðfélagsátaka liðinna ára. Þrátt fyrir einfaldleikann er hægt að túlka myndina á marga vegu og leggja margþætta merkingu í hana. Þetta er skemmtileg nálgun á annars hefðbundið viðfangsefni fréttaljósmynda þar sem ljósmyndarinn sýnir áhorfandanum nýtt og skemmtilegt sjónarhorn með gráglettnislegri kímni. Það er engin tilviljun sem ræður för hér. Myndasmiðurinn gerir sér far um að sýna áhorfandanum sitt sjónarhorn og tekst vel upp með sterkri og einfaldri myndbyggingu.

Íþróttamynd ársins



Ljósmyndari:
Kjartan Þorbjörnsson



Álit dómnefndar:

Ljósmyndarinn þorir að fara nýja leið í myndsköpun og býr til góða mynd sem sýnir hreyfingu og fjölbreytileika íþróttarinnar á listrænan hátt. Þessi mynd er vel heppnuð tilraun til að gera eitthvað tæknilega frumlegt, brjótast úr úr klisju íþróttaljósmyndunar og á skemmtilegan hátt minnir þessi mynd á árdaga ljósmyndunar þar sem tæknin var notuð til að sýna hreyfingar manna og dýra á nýjan hátt. Þessi mynd fangar röð augnablika með skemmtilegum hætti og notfærir sér nýja tækni á listfenginn hátt og gefur áhorfandanum nýjar víddir til að velta vöngum yfir.

Daglegt líf



Ljósmyndari:
Ómar Óskarsson



Álit dómnefndar:

Hnyttin og lýsandi mynd sem ber vökulu auga ljósmyndarans vitni.





Tímaritamynd ársins



Ljósmyndari:
Kristinn Magnússon



Álit dómnefndar:

Stílhrein og vel gerð mynd. Fáguð og öguð vinnubrögð ljósmyndara.

Portrettmynd ársins



Álit dómnefndar:

Mjög sterkt portrett þar sem saman fer frumlegt sjónarhorn, markviss litanotkun og táknræn notkun umhverfis. Myndin er tekin í tilefni umfjöllunar um málefni sem lengst af hefur verið viðkvæmt í samfélaginu. Ljósmyndari fer hér næmum höndum um viðfangsefnið sem líkt og rísi hér úr djúpinu og upp á yfirborðið til ljóssins.



Ljósmyndari:
Haraldur Jónasson



Umhverfismynd ársins



Ljósmyndari:
Gunnar V. Andrésson



Álit dómnefndar:

Augnablikið fangað í ákaflega tignarlegri en jafnframt dramatískri mynd þar sem náttúran sýnir styrk sinn við ný og gömul kennileiti borgarinnar. Okkur hættir til að gleyma því að borgin er landslag í sjálfu sér. Góð ljósmynd getur sýnt okkur kunnuglega staði í nýju ljósi eða vakið óvænt hughrif þar sem við þjuggumst ekki við þeim. Þetta er vel byggð mynd þar sem staðsetning ljósmyndarans og augnablikið skipta öllu máli.

Fréttamynd ársins



Ljósmyndari:
Eyþór Arnason




Álit dómnefndar:

Myndin sem nefndin valdi í ár er sterk og sígild fréttamynd sem getur staðið sjálfstæð án textaskýringar og segir áhorfandanum tafarlaust áhrifamikla sögu. Styrkur myndarinnar felst í góðri myndbyggingu sem stuðlar að því að áhorfandinn dregst inn í augnablikið og fer samstundis að velta aðstæðum og ástæðum fyrir sér. Glæpaaldan sem hefur riðið yfir land og þjóð á undanförunum misserum hefur verið ofarlega á baugi í þjóðfélagsumræðunni og mikið fjallað um hana í fjölmiðlum og því ekki úr vegi að fréttamynd ársins sýni eina hlið á því máli. Það sem skiptir öllu máli í fréttaljósmyndun er að fanga augnablikið, segja sögu með skýrum hætti. Þegar best tekst til þarfnast slík mynd ekki frekari skýringar með texta og það þykir dómnefndinni að þessi mynd geri með glæsibrag.





Myndröð ársins



Ljósmyndari:
Kjartan Þorbjörnsson

Álit dómnefndar:

Góð tilraun til að segja sögu í myndum. Þarna er á ferðinni röð mynda sem sýna áhorfandanum sögu drengs sem tekst á við lífið og erfiðleika þess og færir áhorfandanum heim sanninn um hvernig hægt er að njóta lífsins á marga vegu. Það sem þessi myndaröð hefur umfram aðrar sem kepptu í þessum flokki í ár er að hér er ekki einungis röð mynda frá einum viðburði heldur er gerð atenna að því að sýna söguna á bakvið hversdagslíf venjulegs drengs sem þarf að kljást við fötlun sína. Hér hefur verið hugsað út í flæði og söguþráð á myndrænan hátt.

Myndir ársins 2012

Á sýningunni í ár eru 133 myndir og eru flokkarnir þeir sömu og undanfarin ár: Fréttir, íþróttir, portrett, tímarit, umhverfi, daglegt líf og myndraðir. Veitt eru verðlaun fyrir bestu myndina í öllum flokkum og þar að auki er valin mynd ársins úr öllum innsendum myndum.

Það voru tvær þriggja manna dómnefndir auk formanns dómnefndar sem fóru í gegnum þær tæplega 1.000 myndir sem bárust í keppnina.

Ákveðið var að brydda upp á þeirri nýjung að skipta flokkunum á þessar tvær dómnefndir og reyndist það mjög vel.

Bjarni Eiríksson, Dagur Gunnarsson og Karl Petersson skipuðu dómnefndina sem fór í gegnum fréttamyndirnar, íþróttamyndirnar og myndraðirnar.

Gísli Egill Hrafnsson, Haraldur Hannes Guðmundsson og Hörður Sveinsson sátu í dómnefndinni sem fór í gegnum tímaritamyndirnar, portrettin, daglegt líf og umhverfi.

Sameiginlega völdu dómnefndirnar svo mynd ársins og hafði formaður dómnefndar, Þorkell Þorkelsson, þar atkvæðarétt. Hann var þar að auki dómnefndum innan handar við störfina.

Flokkarnir fyrir myndskaiðin eru: Fréttamynd, daglegt líf, lífsbarátta, fagmennska, náttúruhamfarir og landslag. Veitt eru verðlaun fyrir tvö bestu myndskaiðin óháð flokkum.

Þriggja manna dómnefnd fór í gegnum myndskaiðin

sem bárust í ár. Hana skipuðu: Ingi R. Ingason, framleiðandi og kvikmyndatökumaður, Sólveig Kr. Bergmann fréttamaður og Ómar Ragnarsson fjölmiðlamaður.

Við viljum þakka öllum þeim sem komu að undirbúningi og styrktu sýninguna í ár kærlega fyrir gott og ánægjulegt samstarf. Íslandsbanki styrkir sýninguna í ár með veglegum verðlaunum. Einnig viljum við þakka Blaðamannafélagi Íslands fyrir stuðninginn.

Samhliða sýningunni kemur út bókin, Myndir ársins 2012, sem Sögur útgáfa gefur út. Í bókinni eru allar myndirnar sem eru á sýningunni en auk þess var nokkrum fréttamyndum bætt við. Cristopher Lund sá um prentun ljósmynda á sýningunni og kunnum við honum bestu þakkir fyrir.

Við viljum vekja athygli á því að á neðri hæð Gerðarsafns sýnir Þórir Guðmundsson myndir sem hann hefur tekið á vettvangi hjálparstarfs víða um heim. Sýningin ber heitið Á vettvangi vonar.

Bestu kveðjur, stjórn Blaðaljósmyndarafélags Íslands
Rakel Ósk Sigurðardóttir, formaður

Vilhelm Gunnarsson

Anton Brink Hansen

Haraldur Guðjónsson

Þorkell Þorkelsson

Eyþór Árnason, sýningarstjóri



Verðlaunahafar fyrir Myndir ársins 2012.

Mynd: sbs



Blaðamanna- verðlaun í áratug



Eftir
Birgi Guðmundsson

Blaðamanna- og Verðlaun Blaðamanna-
félags Íslands voru veitt í tíunda sinn þann 9. mars, en þau voru fyrst afhent við hátíðlega athöfn á Hótel Borg í febrúar 2004. Það þótti ekki sjálfsagt mál á sínum tíma að blaðamenn færu út í slíkt fyrirtæki sem blaðamanna- og Verðlaun eru, en þáverandi formaður, Róbert Marshall, ásamt varaformanninum Örnú Schram og þáverandi framkvæmdastjóra og núverandi formanni, Hjálmar Jónssyni, fengu til liðs við sig hóp manna og málinu var ýtt úr vör. Meðal þess sem gagnrýndur töluðu um var að fjölmiðlasamfélagið á Íslandi væri of lítið til að standa undir verðlaunum af þessu tagi og nánast allt sem gert væri myndi þá verða sjálfkrafa verðlaunaefni og að svona nokkuð myndi lítið annað gera en að ýta undir þá ímynd að blaða- og fréttamenn væru sjálfhverfir og sjálfumgláðir og þætti ekkert skemmtilegra en að fjalla um og skjalla hver annan. Óhætt er að fullyrða að þessi gagnrýni hefur reynst fullkomlega óréttmæt. Og ófugt við það sem ýmsir töldu – að verðlaun í þessum flokkum væri allt of mikið fyrir hið litla fjölmiðlasamfélag – þá hefur þótt ástæða til að fjölga flokkum og var

í fyrsta sinn í ár veitt viðurkenning í flokknum „Viðtal ársins“. Raunar hefur umræðan um að fjölga flokkum komið upp oft en einu sinni sem bendir til þess að einhverjum hafi þótt tiltekin svið blaðamennskunnar verða útundan. Þessi umræða endurspeglar e.t.v. þann vanda sem felst í þeirri stefnu sem mörkuð var í upphafi að hafa frekar almenn verðlaun og fáa flokka fyrir svið sem í eðli sínu er mjög fjölbreytt og eðlisólíkt. Þannig má segja að þrjú atriði hafi komið sérstaklega til álitna í þessu samhengi:

1. Í fyrsta lagi að hve miklu leyti bæri að horfa til framsetningarfærni, þ.e. hvernig til tækist að koma því sem segja átti á framfæri á skilmerkilegan og einfaldan hátt og á góðu máli. Þessi „tæknilegi“ þáttur er vissulega eitt af þeim einkennum sem mikilvæg eru í góðri blaðamennsku.

2. Í öðru lagi var það spurningin um umfjöllunarefnið og vægi þess í samfélagsþróuninni. Augljóslega skiptir það miklu máli hvort viðfangsefnið er mikilvægt almannahagsmunum og skiptir sköpum í þjóðfélagsumræðunni eða hvort það er dægurafþreying sem gleymist að kveldi dags.

3. Loks var hugað að því að það getur skipt máli í hvers konar miðli og á hvaða formi blaðamennskan er. Ólíkir miðlar kalla á ólík vinnubrögð og það getur skipt máli varðandi tækni og framsetningarmáta annars vegar og mikilvægi og áhrif í þjóðfélagsumræðu hins vegar hvort blaðamennskan kemur fram t.d. í sjónvarpi á besta áhorfstíma eða hugsanlega í minna eða lítið lesnum netmiðli.

Besta umfjöllun ársins

Horft til eftirfylgni í máli og þess hvort verið er að gera flókið mál aðgengilegt og upplýsandi fyrir almenning. Hér skiptir miklu hvort umfjöllunin hefur tæmt málið og tekið fyrir allar hliðar þess sem máli skipta.

Stikkorð: upplýsandi/skiljanleg; heildstæð; mikilvæg

Rannsóknarblaðamennska ársins

Horft til þess að blaðamaður hefur þurft að velta við steinum og skoða þá kima sem ekki eru augljósir í daglegu amstri. Skipuleg vinnubrögð og úrvinnsla rannsóknarvinnu skipta máli.

Stikkorð: rannsóknarvinna; eftirfylgni; mikilvæg

Blaðamanna- og Verðlaun ársins

Horft til þess að umfjöllunin vekji sérstaka athygli og skeri sig úr annarri umfjöllun fyrir frumleika, fagleg vinnubrögð og sé með einhverjum hætti þýðingarmikil framlag til almannaheilla eða umbóta í samfélaginu.

Stikkorð: ferskleiki/frumleiki; almannaheill/mikilvægi; fagleg vinnubrögð

Strax í upphafi var tekin sú stefna í dómnefndinni að samþætta þessi þrjú atriði og og reyna að gefa þeim öllum vægi þó það væri að sjálfsögðu með nokkuð misjöfnum hætti eftir verðlaunaflokkum. Yfirlýstur tilgangur verðlaunanna var að efla fagleg vinnubrögð og meðvitund í blaðamennsku og þannig stuðla enn frekar að því að blaðamennska styrkti sig í sessi sem fag (e. profession). Slíkt kallaði þar af leiðandi á skilgreinngu eða að minnsta kosti á visi að skilgreiningu á fagstétt. Í stefnumótun dómnefndar var það ekki síst samfélagslegt hlutverk blaðamennskunnar og skyldur blaðamanna við almenning og almannahagsmuni, sem var talið aðgreina blaðamenn sem fagstétt frá öðrum hópum sem vinna við upplýsingamál, s.s. almannatengla, upplýsingafultrúa eða bloggara. Af þessum sökum má segja að liður tvö hér að framan, umfjöllunarefnið og mikilvægi þess hafi verið nokkuð sterkt í þeim viðmiðum sem notuð hafa verið. Þetta má sjá ef skoðuð eru „stikkorð“ og skilgreiningar sem dómnefndin sendi frá sér og birt voru á upphafsári verðlaunanna og áttu að gefa til kynna hver áherslan væri í hverjum flokkanna þriggja um sig. Eins og sjá má af þessum skilgreiningum (sjá sérstakt box) er „mikilvægi“ sett mjög framlega í þeim öllum og í þeim efnum er fylgt alþjóðlegri hefð um að verðlauna beri það sem skipti samfélagið miklu máli og sé því til góðs.

Fjöldi flokka

Í gegnum árin hefur þessi grunnur síðan þróast nokkuð en í ljós hefur komið að miðað við þær forsendur sem lagt var upp með væri hætta á að ákveðin tegund af blaðamennsku og jafnvel fjölmiðlum yrði utan við þann hring sem verðlaunin næðu til. Hér bar hæst það sem kalla mætti mannlífsblaðamennsku þar sem þjóðfélagslegt mikilvægi einstakra umfjallana var e.t.v. ekki mjög mikið, en þessi tegund umfjallana er hins vegar almennt mikilvægur þáttur í blaðamennsku samtímans. Að hluta til hefur dómnefndin reynt að taka tillit til þessarar tegundar blaðamennsku í flokknum „Umfjöllun



Frá pressuballi á Hótel Borg 2004 þar sem Blaðamannaverðlaun voru afhent í fyrsta sinn.

ársins“ en fljótlega varð ljóst að heppilegt kynni að vera að gera einhverjar breytingar. Þannig sagði sá sem þetta ritar í ávarpi við afhendingu Blaðamannaverðlauna árið 2007:

„Í dómnefndinni höfum við iðulega fundið fyrir því að okkur þykja tiltekin dæmi um blaðamennsku þess virði að á hana sé sérstaklega bent, en hins vegar hafi ekki gefist tækifæri til þess með góðu móti innan þeirrar skilgreiningar og þeirra flokka sem reglugerðin um verðlaunin kveður á um. Þá hefur okkur fundist að gott hefði verið ef flokkarnir væru fleiri og næðu með einhverjum hætti betur utan um þá fjölbreyttu flóru sem blaðamennska á ljósvakanum, á netinu, í dagblöðum og í tímaritum í raun er. Það er því full ástæða fyrir forustu Blaðamannafélagsins að íhuga kosti þess og galla að fjölga verðlaunaflokkum. Kanna til dæmis hvort taka beri upp verðlaunaflokk fyrir viðtöl eða frétt ársins, svo dæmi séu tekin.“

Þessi sjónarmið gerjuðust síðan um skeið bæði í dómnefnd og í forustu félagsins og síðan var það á aðalfundi 2012 sem samþykkt var tillaga stjórnar um að fjölga verðlaunaflokkum um einn og taka upp flokkinn „Viðtal ársins“. Í greinargerð stjórnarinnar sagði meðal annars: „Þegar þessi mál hefur borið á góma hefur jafnan komið fram

ótti við að verðlaunaflokkum fjölgi of mikið. Vissulega má til sanns vegar færa að brýnt sé að fara varlega í að fjölga flokkum. Of margir flokkar geta gengisfellt verðlaunin og gert þau ómarkvissari. Hins vegar er stjórn BÍ sammála því álitu talsmanna dómnefndar í gegnum árin að óhætt væri að fjölga um einn.

Í ljósi þess að þeir flokkar sem nú þegar er verðlaunað fyrir byggja að verulegu leyti á fréttatengdu efni, er mikilvægt að draga fram það sem vel er gert í annars konar blaðamennsku. Því er gerð tillaga um að bæta við aðeins einum flokki, „Viðtal ársins“.

Verðlaunaathöfnin

Í upphafi var blásið til mikilla hátíðahalda í kringum veitingu verðlaunanna og þegar þau voru veitt í fyrsta sinn 2004 var það gert á sérstöku „Pressuballi“ sem haldið var á Hótel Borg. Með þessu var hugmyndin að tengja verðlaunin við minni úr sögu Blaðamannafélagsins, en pressuböll voru mjög þekkt og umtöluð fyrirbæri á sjöunda áratug tuttugustu aldar. Sá tími virtist þó liðinn að hljómgrunnur væri fyrir galadansleik þar sem íslenskir blaðamenn voru í aðallutverki og strax árið 2006 var hætt að efna til slíkra samkoma og verðlaunaveitingin



færð yfir á Þingholt á Hótel Holti. Þar fór hún fram síðdegis á laugardegi og í kjölfarið var móttaka á vegum BÍ þar sem félagsmenn gátu rætt saman um verðlaunin og annað sem þeim lá á hjarta. Það var svo árið 2009 að tveir stórir atburðir í félagsstarfi blaðamanna, Bláamanna Verðlaunin og verðlaunaafhending fyrir Myndir ársins ásamt opnun sýningar Bláaljósmyndarafélags Íslands, voru sameinaðar í einn viðburð í Gerðarsafni í Kópavogi.

Verðlaunagripur Bláamanna Verðlaunanna var hannaður í samstarfi fyrsta dómnefndarformannsins og þáverandi grafífs hönnuðar Bláamannansins, Margrétar Króyer, í samráði við þáverandi formann BÍ og aðra stjórnarmenn. Gripurinn sýnir penna sem á að vera tákn fyrir tjáningu og tjáningarfreslið og penninn stendur á stalli við áttavita eða kompás, sem vísar veginn rétta leið. Gripurinn er úr gegnheilum málmum og því þungur og hefur til þessa verið steyptur hjá Mámsteypunni Hellu í Hafnarfirði. Þess má geta hér að grunnhugmyndin að uppstillingunni er sótt í ónefndan og óþekktan verðlaunagrip fyrir pílukeppni, þar sem áttavitinn var í raun píluþjald og penninn píla. Slíkt er í raun ekki óviðeigandi þar sem segja má að verið sé að verðlauna blaðamennsku sem hittir í mark! Ekki virðist hafa náð að festast við gripinn ákveðið nafn, en á tímabili var þó eitthvað vísað til hans sem „Pressupennans“ eða „Bláamannakompássins“, en hvorug nafngiftin hefur náð almennri útbreiðslu. Þeir sem vinna til þessa verðlaunagrips eru þeir vinnshafar í flokkum verðlaunanna, en auk þess fær sá sem á Mynd ársins í samkeppni Bláaljósmyndarafélagsins gripinn.

Verðlaunahafar

Allt frá upphafi verðlaunanna hefur dómnefnd árlega borist fjöldi tilnefninga. Tveir farvegir hafa eink-

um verið fyrir þessar tilnefningar, annars vegar tilnefningar í gegnum netið og hins vegar tilnefningar frá ritstjórnunum. Dómnefndin hefur alla tíð haft úr mjög miklu efni að móða og algengt að á annað hundrað tilnefningar berist henni. Stundum hefur það reynst mjög erfitt að velja úr þessum fjölda aðeins þrjár tilnefningar í hvern flokk, en auðvitað hefur það þó verið misjafnt eftir árum. Því má fullyrða – og það hefur verið afstaða dómnefndar að það er og hefur verið ákveðinn sigur og mikil viðurkenning í því fólgin að komast í hóp tilnefndra á hverjum tíma. Þegar meta á verðlaunin og skoða verðlaunahafa er því eðlilegt að skoða hverjir það eru sem hlutu verðlaunin sjálf, en fráleitt er annað en skoða samhliða samsetningu þeirra sem fengið hafa tilnefningar.

Frá því verðlaunin voru fyrst veitt hefur dómnefnd tilnefnt rétt rúmlega 70 blaðamenn til verðlauna, ýmist eina sér eða sem hluta af einhvers konar samvinnuverkefni. Af þessum rúmlega 70 blaðamönnum hafa rúmlega 60% verið karlar og tæp 40% konur. Allir helstu miðlar hafa fengið

tilnefningar frá dómnefndinni, þó eðli málsins samkvæmt hafi sumir fengið fleiri en aðrir. Úr þessum hópi er einn einstaklingur, sem hefur fimm sinnum fengið tilnefningu, sex sem hafa fengið þrjár tilnefningar og sautján sem hafa tvisvar fengið tilnefningu.

Sjálfr verðlaunin hafa 29 einstaklingar fengið og þá eru undanskilin verðlaun sem veitt eru heilum ritstjórnunum. Einn blaðamaður hefur þrisvar fengið verðlaun og þrjár hafa fengið verðlaun tvisvar.

Og hvaða sögu segja þá þessar tölur? Þær segja fyrst og fremst tvennt:

- Í fyrsta lagi draga þær fram að á Íslandi er greinilega til ákveðinn hópur sérstakra, kraftmikilla blaðamanna sem endurtekið banka upp á hjá dómnefnd blaðamanna Verðlauna.
- Í öðru lagi draga þær líka fram þá staðreynd, að hópurinn sem vinnur faglegt og gott starf – ástundar góða blaðamennsku – er stór og öflugur og dreifður á allar tegundir fjölmiðla.

Að draga fram þessa staðreynd – að draga fram það sem vel er gert í íslenski blaðamennsku og hvetja þannig til faglegra og góðra vinnubragða var eitt meginhlutverk verðlaunanna og það hafa þau gert.


Blaðamanna Verðlaunin eiga að styðja við og efla góða blaðamennsku, en góð blaðamennska er einn mikilvægasti þáttur lýðræðislegra samfélagsátta. Segja má að á síðasta áratug hafi markaðsfjölmiðlun á Íslandi fest sig í sessi og samfara henni hafa svipuð vandamál og kollegar íslenskra blaðamanna erlendis þekktu áður öðlast mikilvægi hér á landi. Þetta eru atriði eins og það að söluvænleiki efnis skiptir máli fyrir áherslur, að færri fólk þarf nú en áður til að framleiða meira efni og jafnvel



Verðlaunagripur Bláamanna Verðlauna Bláamannafélags Íslands.

fyrir fleiri gáttir, og að vaxandi ástæða er til að gæta að ritstjórnarlegu sjálfstæði, bæði gagnvart sérhagsmunadílum eins og auglýsendum og kannski ekki síður – eigendum. Fagleg vitund blaðamanna er í raun eina vörn almennings gegn sérhagsmunum af ýmsu tagi í stöðugu áreiti upplýsinga nútímans. Sjálfstæð og óháð blaðamennska og þau faglegu grunngildi sem henni fylgja hafa verið það afl sem blaðamannaverðlaunin hafa stutt við undanfarinn áratug og það munu þau gera áfram um ókomin ár.

Undirritaður hefur nú látið af störfum sem formaður dómnefndar og þakkar félögum sínum í nefndinni undanfarin tíu ár fyrir samstarfið og óskar þeim alls góðs í störfum sínum í framtíðinni.



Hér má sjá fjölda tilnefninga annars vegar og fjölda verðlauna hins vegar skipt eftir fjölmiðlum. Það hefur komið nokkrum sinnum fyrir að fjölmiðlar skipti með sér verðlaunum og tilnefningum og útskýrir það hvers vegna fjöldinn er ekki alltaf í heilum tölum.

Vinningshafar (einstaklingar)	Fjöldi verðlauna
Kristinn Hrafnsson	3
Jóhannes Kr. Kristjánsson	2
Ragnar Axelsson	2
Sigmar Guðmundsson	2
Agnes Bragadóttir	1
Auðunn Arnórsson	1
Árni Þórarinnsson	1
Bergljót Baldursdóttir	1
Brynhildur Ólafsdóttir	1
Davíð Logi Sigurðsson	1
Gerður Kristný Guðjónsdóttir	1
Helga Arnarsdóttir	1
Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir	1
Jóhann Hauksson	1
Jóhann Bjarni Kolbeinsson	1
Jón Björgvinsson	1
Kristján Már Unnarsson	1
Lóa Pind Aldísardóttir	1
Reynir Traustason	1
Ritstjórn DV	1
Sigríður Dögg Auðunsdóttir	1
Sigurjón M. Egilsson	1
Sunna Ósk Logadóttir	1
Sunna Valgerðardóttir	1
Svavar Hávarðsson	1
Þóra Kristín Ásgeirsdóttir	1
Þóra Tómasdóttir	1
Þórður Snær Júlíusson	1
Önundur Páll Ragnarsson	1

Fleiri en ein tilnefning	Fjöldi
Jóhannes Kr. Kristjánsson	5
Davíð Logi Sigurðsson	3
Ingi F. Vilhjálmsson	3
Jóhann Hauksson	3
Kristinn Hrafnsson	3
Ragnar Axelsson	3
Svavar Hávarðsson	3
Agnes Bragadóttir	2
Auðunn Arnórsson	2
Baldur Arnarson	2
Halldór Baldursson	2
Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir	2
Jóhanna Vilhjálmisdóttir	2
Jón Björgvinsson	2
Magnús Halldórsson	2
Pétur Blöndal	2
Reynir Traustason	2
Ritstjórn DV	2
Sigmar Guðmundsson	2
Sigríður Dögg Auðunsdóttir	2
Skapti Hallgrímsson	2
Trausti Hafliðason	2
Þóra Arnórsdóttir	2
Þóra Tómasdóttir	2

Ekki brotlegur

Mál nr. 3 20112-2013

Kærandi: A

Kærðu: Björn Þorláksson, ritstjóri akureyrivikublad.is og vikublaðsins Akureyri

Kæruefni

Frétt undir yfirskriftinni „Sýknaður af niði passar börn“.

Málsmeðferð

Kæra barst siðanefnd 22. janúar 2013 með bréfi, dags. 21. janúar 2013. Kærandi hefur lagt fram ljósrit af forsiðu vikublaðsins Akureyri frá 18. janúar 2013 og útskrift af vefnum akureyrivikublad.is en á báðum stöðum er hina kærðu umfjöllun að finna. Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 29. janúar 2013. Siðanefnd óskaði eftir greinargerð kærða, sem barst nefndinni 6. febrúar 2013. Málið var aftur tekið fyrir á fundi siðanefndar 7. febrúar 2013.

Málavextir

Í hinni kærðu umfjöllun er því lýst að karlmaður sé að störfum á Akureyri sem dagforeldri og passi 4-6 börn þrátt fyrir að hafa verið sýknaður í héraðsdómi og Hæstarétti af ákæru vegna meints kynferðisbrots gegn syni. Í umfjölluninni er sérstaklega tekið fram að dómstólarnir hafi talið töluverðar líkur á sekt. Í fréttinni er tekið fram að dómur Hæstaréttar í málinu hafi gengið á árinu 2011.

Kærandi telur að birting fréttarinnar, sem unnin sé eftir nafnlausri ábendingu, hafi ekki þjónað almannahagsmunum og framsetninguna megi jafna við nafnbirtingu hans vegna þess að fáir karlmenn starfi sem dagforeldrar og auðveldlega megi nálg-

ast lista með yfirliti yfir þá sem starfa í dag. Við vinnslu fréttarinnar hafi blaðamaður ekki reynt að hafa samband við kæranda til þess að gefa honum kost á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum. Þá sé skaðinn ekki einungis kæranda heldur einnig meints fórnarlamb og allra þeirra sem standa kæranda næst. Kærandi lýsir því að rangt sé að hann hafi passað 4-6 börn þar sem þau hafi í raun verið þrjú, þar af tvö þeirra hans eigin. Þá hafi hann í kjölfar fréttarinnar misst frá sér það barn sem dvalið hafi hjá honum og að hann telji litlar líkur til þess að foreldrar leiti til hans og hann sé því í raun atvinnulaus vegna umfjöllunarinnar. Kærandi telur að ofangreind frétt brjóti í bága við 3. og 4. grein siðareglna BÍ.

Hinn kærði blaðamaður krefst þess að kröfum kæranda verði hafnað.

Umfjöllun

Siðanefnd telur að ekki séu efni til að líta svo á að blaðamaður hafi brotið gegn 3. gr. siðareglna með því að flytja frétt af því að starfandi sé dagforeldri sem sýknaður hefur verið í refsímáli af ákæru um kynferðislega meingerð. Blaðamaður mátti líta svo á að umfjöllunin hefði haft erindi til almennings og að hún þjónaði almannahagsmunum. Þá er blaðamanni ekki skylt að geta heimildarmanna sinna og því er ekki fallist á þá málsástæðu kæranda að máli geti skipt þótt fréttin hafi verið unnin eftir „nafnlausri ábendingu“. Kærandi er ekki nafngreindur í fréttinni og siðanefnd fellst ekki á að birtingu fréttarinnar megi jafna við nafnbirtingu. Tilvitnun blaðamanns til þess að dómstólar hafi talið töluverðar líkur á sekt kæranda er rétt og fær stoð í forsendum héraðsdóms sem vísað var til í niðurstöðu Hæstaréttar. Sú tilvísun getur ekki talist brot gegn 3. gr. eða 4

gr. siðareglna enda verður að líta á hana sem eitt megininntak fréttarinnar og siðanefnd tekur ekki afstöðu til hvort slík fullyrðing í forsendum sýknudóma í sakamáli sé við hæfi.

Við vinnslu fréttarinnar leitaði blaðamaður staðfestingar hjá Akureyrarbæ á því að fréttin væri efnislega rétt, að einstaklingur, sem sýknaður hefði verið af ákæru um kynferðisbrot gegn barni, starfaði við daggæslu þar í bæ. Kærandi er ekki nafngreindur og ekki verður annað séð en að fréttin sé að öðru leyti byggð á traustum heimildum enda liggur ekki annað fyrir en að hún sé efnislega rétt, utan þeirrar ónákvæmni að kærandi hafi haft umsjón með þremur börnum en ekki 4 til 6 eins og segir í fréttinni. Sú ónákvæmni breytir engu um megininntak fréttarinnar. Loks telur siðanefnd að kærandi hafi ekki hagsmuni af því að fjallað verði um það hvort birting fréttarinnar hafi haft í för með sér skaða fyrir aðra en hann sjálfan og siðanefnd telur að sú aðstaða, sem kærandi lýsir að leitt hafi af fréttinni fyrir hann, þ.e. að hann sé því í raun atvinnulaus vegna hennar, geti ekki haft áhrif á niðurstöðu í málinu.

Úrskurður:

Kærði, Björn Þorláksson, telst ekki hafa brotið gegn siðareglum við umfjöllun sína undir fyrisögninni „Sýknaður af niði passar börn“, sem birtist á vefnum akureyrivikublad.is 17. janúar 2013 og í vikublaðinu Akureyri 18. janúar 2013.

Reykjavík 7. febrúar 2013,
 Björn Vignir Sigurpálsson,
 Hjörtur Gíslason,
 Ásgeir Þór Árnason,
 Friðrik Þór Guðmundsson,
 Róbert Haraldsson

Ekki brotlegir

Mál nr. 4/2012-2013

Kærandi: Þórir Bergmundsson

Kærðu: Jóhannes Kr. Kristjánsson og Kastljós

Kæruefni

Umfjöllun Jóhannesar Kr. Kristjánssonar um málefni Heilbrigðisstofnunar Vesturlands í Kastljósi 15.02. 2013 og umfjöllun Kastljóss 19. sama mánaðar.

Málsmeðferð

Málið er kært með bréfi dagsettu 5. mars 2012. Bréfið barst til skrifstofu Bláðamannafélags Íslands 8. mars og til síðanefndar í tölvupósti daginn eftir. Nefndin ákvað að kalla eftir viðbrögðum hins kærða, Jóhannesar Kr. Kristjánssonar og bárust þau í bréfi dagsettu 18. mars og samdægurs í tölvupósti til nefndarmanna. Bæði kæru og svari við henni fylgdi yfirlit yfir tölvupóstssamskipti beggja aðila og auk þess ýmis önnur gögn með svari við kærinni Einn nefndarmanna, Róbert H. Haraldsson, sagði sig frá málinu og tók varamaður, Jóhannes Tómasson, sæti hans. Nefndin fundaði um málið 26. mars, þar sem meðal annars var horft á hina kærðu Kastljósþætti. Einn nefndarmanna, Friðrik Þór Guðmundsson, komst ekki á þann fund en fékk símléiðis upplýsingar um gang mála. Nefndin fjallaði um málið að nýju á fundi sínum 23. apríl og kvað upp úrskurð í því, en nokkur bið varð á störfum hennar vegna frátafa nefndarmanna.

Málavextir

Í hinna kærðu umfjöllun fjallar Kastljós, Jóhannes Kr. Kristjánsson og Helgi Seljan, um fæðingu barns á Heilbrigðisstofnun Vesturlands, kæru

vegna mistaka við fæðinguna og viðbrögð HVE og Landlæknisembættisins vegna kærunnar. Jafnframt var rætt við móður barnsins og lögfræðing hennar, en móðirin kærði málið til Landlæknis.

Í kæru Þóris Bergmundssonar, sem er í þremur tölusettum liðum, er þess krafist að fullyrðingin „Fjölmargar rangfærslur eru í læknaskýrslum, greinargerðum og bréfum sem komið hafa frá Heilbrigðisstofnun Vesturlands vegna málsins,“ verði dæmd dauð og ómerk og beðist verði velvirðingar á þeim sama vettvangi og orðin féllu.

Jafnframt eru „fordæmd þau vinnubrögð fjölmiðilsins að ganga á svig við fyrirheit um að lesa upp yfirlýsingu frá stofnuninni.“ Og enn fremur „þau ósannindi sem fram komu í þætti Kastljóss að fulltrúa stofnunarinnar hafi verið boðið þann dag að koma og standa fyrir máli sínu.“

Kærandi segir að hann hafi sent kærða beiðni um að „framangreind stóryrði yrðu aftur tekin en engu var svarað.“ Með því telur síðanefnd að kröfu um beiðni um leiðréttingu mála sé fullnægt af hálfu kæranda og málið því tækt.

Kærði, Jóhannes Kr. Kristjánsson, „vísar alfarið á bug þeim ummælum framkvæmdastjóra lækninga, að í Kastljósi þann 15. febrúar hafi verið viðhöfð óvönduð vinnubrögð og þar hafi komið fram ósannar fullyrðingar og rangindi.“ Hann svarar svo hverjum lið í kærinni og styður mál sitt með ýmsum fylgiskjölum og tölvupóstssamskiptum við kæranda og forstjóra HVE.

Umfjöllun

Síðanefnd telur að umfjöllun Kastljóss um málefni að þessu tagi, það er meint mistök innan heilbrigðiskerfisins, eigi fyllilega rétt á sér, enda er staðfest í skýrslu „sviðsstjóra sviðs eftirlits og

gæða“ hjá Landlæknisembættinu að umönnun móður og ófædds barns hennar í fæðingunni hafi verið „óviðunandi.“ Jafnframt er að mati nefndarinnar eðlilegt að fjallað sé um samskipti viðkomandi heilbrigðisstofnunar og Landlæknisembættisins í kjölfar atvika af þessu tagi svo og samskipti við þolendur þeirra. Að bent sé á misræmi í skýrslugerð vegna umrædds atviks er einnig að mati nefndarinnar eðlilegur þáttur umfjöllunarinnar, enda kemur það misræmi skýrt fram í gögnum málsins.

Eftir yfirferð síðanefndar yfir gögn málsins, alla liði kærunnar, svar hins kærða, fylgiskjöl og tölvupóstssamskipti verður ekki séð að umfjöllunin hafi farið út fyrir þau mörk sem síðareglur BÍ setja félögum sínum. Augljóst misræmi er í skýrslum HVE um atvikið og rannsókn Landlæknisembættisins sýnir að umönnun hafi verið óviðunandi. Síðanefnd telur að þar hafi Kastljós ekki farið á svig við síðareglur, en kannski hafi nokkuð langt verið seilst þegar vitnað er til ónafngreindra aðila um að um „falsanir á gögnum hafi verið verið að ræða og vísvitandi blekkingar ábyrgðarmanna stofnunarinnar,“ eins og segir meðal annars í fyrsta lið kærunnar.

Hvað varðar annan lið þar sem „fordæmd eru þau vinnubrögð fréttamiðilsins að ganga á svig við fyrirheit um að lesa upp yfirlýsingu frá stofnuninni, er það að segja, að meginatriði yfirlýsingarinnar voru lesin upp í þætti Kastljóss þann 19. febrúar. Auk þess var yfirlýsing HVE sett inn á heimasíðu Kastljóss. Síðanefnd telur þau vinnubrögð Kastljóss ekki brjóta í bága við síðareglur.

Í þriðja lið kærunnar eru jafnframt fordæmd „þau ósannindi sem fram komu í þætti Kastljóss þann 19. febrúar sl. að fulltrúa stofnunarinnar hafi verið boðið þann dag að koma og standa fyrir máli sínu.“ Ekki er annað að sjá af



tölvupóstum milli aðila málsins en að fulltrúar HVE hafi hafnað því ítrekað að koma fram í Kastljósi. Í svari kærða við þriðja lið kærunnar segir meðal annars svo: „Einnig er vert að benda á að mánudaginn 18. febrúar ræddi Helgi Seljan við Guðjón Brjánsson, forstjóra Heilbrigðisstofnunar Vesturlands og óskaði eftir fulltrúa stofnunarinnar í viðtal vegna málsins sem fram átti að fara í myndverji þriðjudaginn 19. febrúar. Því boði var neitað.“

Siðanefnd tekur útskýringar kærða gildar enda er ekki hægt að lesa annað út úr tölvupóstssamskiptum aðila málsins, en að fulltrúar HVE hafi ætíð hafnað því að koma fram í Kastljósi.

Úrskurður

Kærðu, Jóhannes Kr. Kristjánsson og Kastljós, teljast ekki hafa gerst brot-

legir við siðareglur Bláðamannafélags Íslands í umfjöllun Kasljóss um málefni Heilbrigðisstofnunar Vesturlands 15. og 19. febrúar 2013.

Reykjavík 23. apríl 2013,
Björn Vignir Sigurpálsson,
Hjörtur Gíslason,
Ásgeir P. Árnason,
Friðrik Þór Guðmundsson,
Jóhannes Tómasson

Fréttablaðið telst brotlegt

Mál nr. 1. 2013-2014

Kærandi: X

Kærði: Fréttablaðið

Málsmeðferð

Með bréfi dagsettu 17.6. 2013 var óskað álit Siðanefndar BÍ á fréttalutningi Fréttablaðsins hinn 5. júní 2013 og viðbrögðum í kjölfar hans. Málið var sent til nefndarmanna í siðanefnd 1. júlí 2013 og vegna sumarleyfa margra nefndarmanna var farið yfir málið í tölvupóstssamskiptum milli nefndarmanna hinn 2. júlí. Þar sem upphaflega bréfið var sent af milligöngumanni en með vitund og vilja þess sem taldi á sér brotið, þótti aðild bréfitara að málinu ekki nægilega ljós. Var honum send í tölvupósti hinn 6. júlí ábending um að umboð hans fyrir hönd kæranda þyrfti að vera ótvíræðara. Barst siðanefnd slíkt umboð frá kæranda í tölvupósti úr netfangi kæranda hinn 29. júlí 2013 í samræmi við ábendingar siðanefndar. Siðanefnd fór á ný yfir málið og var ákveðið að óska eftir sjónarmiðum hinna kærðu. Svar barst frá lögmanni Fréttablaðsins 15. ágúst 2013 og reyndist aðalkrafa hans vera frávisun vegna þess að aðild bréfitara upphaflega bréfsins væri ófullnægjandi og því væru ekki skilyrði til að taka málið til

efnislegrar umfjöllunar hjá siðanefndinni. Kom þá í ljós að umboð kæranda sjálfs til hins upphaflega bréfitara hafði misfarist í tölvupósti þeim þar sem siðanefnd leitaði umsagnar hins kærða. Var umboðið sent lögmanni Fréttablaðsins hinn 19. ágúst 2013 og veittur viðbótarfrestur til að fara yfir málið. Svar barst síðan frá lögmanni blaðsins 21. ágúst 2013 eins og rakið verður seinna. Siðanefnd kom síðan saman 27. ágúst til að fara yfir málið og kveða upp úrskurð. Einn nefndarmanna, Friðrik Þór Guðmundsson, var fjarverandi í sumarleyfi og tók varamaður, Jóhannes Tómasson, sæti hans.

Málavextir

Kærandi X óskaði eftir álit Siðanefndar BÍ á fréttalutningi Fréttablaðsins 5. júní 2013 og viðbrögðum í kjölfar hans. Á bls. 6 þann dag hafi birst grein undir fyrirsögninni „Dæmdur fyrir stórfellt fíkniefnasmygl“ þar sem fjallað er um þungan dóm sem Íslendingur hlaut nýlega í Danmörku fyrir fíkniefnasmygl. Í lok greinarinnar kom eftirfarandi fram: „Alls voru fimm manns ákærðir fyrir að hafa tekið þátt í smyglinu, þar á meðal faðir hans.“ Þessi fullyrðing, að faðir hins dæmda hafi tekið þátt og verið ákærður í umræddu máli sé með öllu alröng. Hann hafi ekki svo mikið sem setið yfirheyrslu sem vitni í umræddu máli, hvað þá verið ákærður sjálfur. Gefi

augaleið að þessi rangfærsla hafi valdið kæranda miklum erfiðleikum, óþægindum og ærumeiðingu.

Fram kemur að kærandi hafi haft samband við fréttamanninn sem skrifar fréttina sem hafi lítið séð athugasemdir við fréttina en sagt að þar hafi hann átt við mál sem var dómtekið árið 2002 þar sem kærandi var ákærður en svo sýknaður. Ómögulegt sé að lesa það út frá fréttinni auk þess sem erfiðt sé að sjá tilganginn með því að rifja það mál upp, tengja það við þetta nýja mál og tilgreina í leiðinni föður hins dæma sem, eins og áður sagði, hafi ekki tengst þessu nýja máli á nokkurn hátt. Haft hafi verið samband við annan ritstjóra Fréttablaðsins, Ólaf P. Stephensen, og honum greint frá málinu. Hann hafi heitið afsökunarbeiðni og leiðréttingu í blaðinu strax daginn eftir. Það stóðst ekki og var því aftur haft samband við ritstjórnann sem aftur hét afsökunarbeiðni og leiðréttingu í blaðinu næsta dag. Við það hafi ekki verið staðið heldur birt „Árétting“ um að faðirinn hefði verið sýknaður en ekkert gert til að leiðrétta rangfærslu þá sem birtist í blaðinu þann 5. júní né heldur borin fram afsökunarbeiðni.

Af hálfu lögmanns Fréttablaðsins eru gerðar þær kröfur að í fyrsta lagi verði málinu vísað frá siðanefndinni og til vara að komist verði að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið brotið gegn siðareglum BÍ. Krafa um frávisun málsins frá

siðanefndinni er byggð á því að kærandi hafi ekki verið andlag umfjöllunar í Fréttablaðinu 5. júní, þ.e. að milliliðurinn og bréfritarinn í upphafi hafi ekki átt aðild að málinu eins og áður er nefnt og vísað til 6 gr. siðareglna BÍ. Samkvæmt 6. gr. siðareglanna þurfi kærandi að vera andlag umfjöllunar eða eiga hagsmuna að gæta að öðru leyti. Kærandi í þessu máli sé milliliður, sem segist leggja kærana fram í einhvers konar umboði föður sakbornings án þess að rekja tengsl sín við hann að öðru leyti eða framvísa umboði til að koma fram fyrir hans hönd. Þess vegna bresti skilyrði til að taka málið til efnislegrar umfjöllunar hjá siðanefndinni.

Þá sé í meintri kæru ekki vikið að því með neinum hætti hvaða ákvæði siðareglanna eigi að hafa verið brotin við umfjöllunina og kærana því vanreifuð hvað það varðar. Ritstjórn Fréttablaðsins eigi því erfitt um vik að að verjast gegn hvaða ákvæði siðareglanna brot hafi verið framið.

Í öðru lagi er krafist að ekki teljist hafa verið um brot að ræða. Kemur fram að við umbrot Fréttablaðsins frá 5. júní sl. hafi þau mistök orðið að síðasta málsgrein fréttarinnar, sem kvartað er yfir, hafi átt að vera niðurlag hliðarefnis sem bar fyrrsögnina „Umsvifamikill smyglari“. Að fenginni ábendingu um fréttina hafi áréttungin birst í Fréttablaðinu 7. júní sem sé rétt. Faðir hins dæmda hafi verið ákærður í málinu frá 2002, en sýknaður af sakargiftum. Þá hafi milliliðurinn, upphaflegi bréfritarinn, ekki látið þess getið í samtali sínu við ritstjóra Fréttablaðsins, sem vitnað sé til í kærnunni, að faðirinn hafði verið ákærður í málinu sem sonurinn var dæmdur fyrir árið 2002. Að því leyti hafi samtalið falið í sér villandi framsetningu á staðreyndum málsins.

Með áréttuninni, sem birt er á bls. 4 í Fréttablaðinu 7. júní sl. hafi réttum staðreyndum málsins verið komið á framfæri. Bresti því skilyrði til að úrskurða áfall á hendur Fréttablaðinu vegna fréttarinnar, þar sem leiðréttingu hafi verið komið á framfæri, eftir að athugasemd kom fram. Þá er því alfarið hafnað að það hafi falið í sér brot á siðareglum BÍ að rifja upp mál frá árinu 2002, sem tengdist sama einstaklingi

og var í haldi lögreglu í Danmörku vegna gruns um stórfellt fíkniefnasmygl. Segir síðan að telji siðanefndin, þvert á reglur 6. gr., að málið sé tækt til efnisumfjöllunar, þá er gerð sú krafa að komist verði að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið brotið gegn ákvæðum siðareglna BÍ.

Í síðara bréfi lögmans Fréttablaðsins þar sem brugðist er við því umboði sem misfarist hafði þegar kærana var upphaflega send til umsagnar, segir að tilgreint umboð sé hvorki gilt að forni né efni. Það sé ekki undirritað, ekki vottað og það gert eftir að kærna hafi verið lögð fram. Meint umboð veki einnig athygli fyrir þær sakir að það feli ekki í sér umboð til að leggja fram kærana, heldur til að vera tengiliður við nefndina.

Þá er bent á að skv. 6. gr. siðareglanna skuli kærna berast siðanefnd innan tveggja mánaða frá birtingu umfjöllunar, sem kærð er. Sá frestur hafi runnið út 5. ágúst sl. enda 6. gr. miðuð við að kærna komi fram í lögmætu horfi, sem eigi ekki við í þessu máli. Málinu beri því þegar og af þeirri ástæðu að vísa frá nefndinni.

Umfjöllun

Þegar við fyrstu yfirferð siðanefndar um upphaflegt bréfi til nefndarinnar þótti ljóst að bréfritari ætti ekki fullnægjandi aðild að málinu, samanber 6. grein siðareglanna, enda þótt fram kæmi að bréfið væri sent með vitund og samþykki föður hins dæmda. Var því ákveðið að benda bréfritari á að hann þyrfti ótvíráðara umboð frá þeim sem taldi brotið á sér. Þegar það hafði borist með þeim hætti sem siðanefnd taldi fullnægjandi var ákveðið í ljósi málsatvika að taka málið fyrir efnislega. Aðalkröfu hins kærða um frávisun var hafnað, svo og því að tímafrestir væru liðnir ásamt þeirri fullyrðingu lögmans kærða að kærana væri vanreifuð vegna þess að ekki væri tiltekið hvaða ákvæði siðareglna hefðu verið brotin við umfjöllunina.

Það er ekki í anda siðareglna blaðamanna að krefjast þess af öllum almenningi að kosta beri til lögfræðisþjónustu til að setja fram kærur á þann hátt að ströngustu formskilyrða sé gætt enda hefur iðulega komið til kasta siðanefndar að greina hvaða ákvæði komi til

álita í einstökum kærumálum sem svo háttar til um. Í umræddu tilfalli fer ekki á milli mála að það á við 3. grein siðareglanna þar sem segir: „Blaðamaður vandar upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu svo sem kostur er og sýnir fyllstu tillitssemi í vandasömum málum. Hann forðast allt, sem valdið getur saklausu fólki, eða fólki sem á um sárt að binda, óþarfa sársauka eða vanvirðu.“

Lögmaður kærða hefur gefið þá skýringu að við umbrot Fréttablaðsins frá 5. júní sl. hafi þau mistök gerst að síðasta málsgrein fréttarinnar sem kvartað sé yfir, hafi átt að vera niðurlag hliðarefnis, „Umsvifamikill smyglari“. Með áréttuninni á bls. 4 í Fréttablaðinu 7. júní sl. hafi réttum staðreyndum verið komið á framfæri og þannig leiðréttingu eftir að athugasemd kom fram.

Eftir stendur að í áréttungu þessari var einungis tekið fram að faðirinn hefði verið sýknaður, en ekki að það mál hefði gerst fyrir rúmlega áratug. Lokasetning aðalfréttar 5. júní er að alls hafi fimm manns verið ákærðir fyrir að hafa tekið þátt í smyglinu, „þar á meðal faðir hans.“ Ómögulegt er fyrir ókunnuga að ætla annað af samhenginu en að faðirinn hafi verið þátttakandi í þessu nýjasta máli. Það er hins vegar hvergi leiðrétt auk þess sem vandséð er hvers vegna þarf að blanda föðurnum sérstaklega inn í málið vegna annars máls sem gerðist fyrir rúmum áratug þar sem hann var aukinheldur sýknaður. Áréttungin gengur þannig of skammt og leiðréttingin alls ófullnægjandi auk þess sem afsökunarbeiðni hefði verið við hæfi.

Úrskurður:

Kærða, Fréttablaðið, telst hafa gerst brotlegt við 3. grein siðareglna Blaðamannafélags Íslands vegna umfjöllunar um dóm í fíkniefnamáli í Danmörku hinn 5. júní 2013. Brotið er ámælisvert.

*Reykjavík, 27. ágúst 2013,
Björn Vignir Sigurpálsson,
Hjörtur Gíslason,
Ásgeir Þór Árnason,
Róbert Haraldsson,
Jóhannes Tómasson*

Ekki brotleg

Mál nr. 2/2013-2014

Kærendur: Egill Einarsson og Guðríður Jónsdóttir

Kærða: Þóra Tómasdóttir, ritstjóri Nýs lífs

Kæruefni

Viðtal undir yfirskriftinni „Ég upplifði þetta sem nauðgun“.

Málsmeðferð

Málið var kært með bréfi dagsettu 9. september 2013 og var sent til síðanefndarmanna 14. september. Síðanefnd fór yfir málið í tölvupóstum, gekk úr skugga um að kærendur rækju ekki dómsmál á sama tíma og málið var kært til nefndarinnar, og ákvað síðan að leita eftir sjónarmiðum hinnar kærðu. Svar barst frá lögmanni ritstjórnar *Nýs lífs* 7. október. Kom í ljós að aðalkrafa hans reyndist vera frávisun málsins á þeim grundvelli í fyrsta lagi að óljóst sé af kærðu hvort kærendur eru einn eða tveir; í öðru lagi að óljóst sé af kærðu hvort og þá hvernig heimfæra megi meint brot kærðu upp á 3. og 4. grein siðareglna BÍ og í þriðja lagi hafi kærendur ekki uppfyllt ákvæði 6. gr. siðareglna um að kærendur skuli fyrst leita leiðréttingar mála sinna hjá viðkomandi fjölmiðli áður en kært er. Nefndin ræddi málið á fundum sínum 8., 22. og 29. október 2013.

Málavextir

Kærendur, Egill Einarsson og Guðríður Jónsdóttir, óskuðu eftir álitni Síðanefndar BÍ á viðtali og umfjöllun í *Nýju lífi*, 9. tbl. 2013 sem út kom 29. ágúst 2013. Á bls. 60-67 í því tölublaði er birt ríkulega myndskreytt viðtal við Guðnýju Rós Vilhjálmisdóttur undir fyrirsögninni: „Ég upplifði þetta sem nauðgun,“ og er þar vísað til nauðg-

unarkæru sem Guðný Rós setti fram gegn Agli og Guðríði í nóvember árið 2011. Eftir rannsókn lögreglu var málið fellt niður án ákæru. Er saga kærunnar og viðbragða nokkurra málsaðila rakin í rammagreinum á bls. 68-72 í sama hefti *Nýs lífs* og eru þar m.a. birtar fjórar yfirlýsingar sem Egill sendi fjölmiðlum á árunum 2011-2012. Þar er einnig sagt frá kærðu Egils og Guðríðar á hendur Guðnýju Rós og tveimur vinkonum hennar fyrir rangar sakagiftir og er saga kærunnar rakin stuttlega en ríkissaksóknari felldi málið niður sl. sumar.

Kærendur gera annars vegar fjölmargar athugasemdir við umfjöllun *Nýs lífs* sem þeir telji að varði við 3. grein siðareglna um vönduð vinnubrögð og 4. grein sömu reglna um að blaðamenn skuli í umfjöllun um dóms- og refsímál virða þá meginreglu laga að hver maður er talinn saklaus þar til sekt hans er sönnuð. Í fylgiskjali með kærinni tilgreina og afmarka kærendur 16 rangfærslur í viðtalinu sem þeir telja að kærðu hafi verið í löfa lagið að leiðrétta ef hún hefði kynnt sér málskjöl eða rætt við aðra aðila máls en Guðnýju Rós. Öll atriðin sem kærendur tilgreina snerta lýsingar á atburðum eða meintum atburðum í nóvember 2011 og leiddu til kærðu Guðnýju Rós. Í öllum tilvikum nema einu eru gerðar athugasemdir við ummæli sem höfð eru beint eftir Guðnýju Rós sjálfri. Lúta þau ummæli að aðdraganda hins meinta atburðar sem Guðný Rós kærði (kynni hennar af Agli og Guðríði á öldurhúsi, og leigubílaferð heim til Egils og Guðríðar), meintum atburðinum sjálfum (á heimili Egils og Guðríðar) og þá atburði sem fylgdu í beinu framhaldi (samtöl við vinkonur, sms-skeyti, heimsókn á neyðarmóttöku). Kærendur benda á að í mörgum þessara tilvika standi ekki orð gegn orði, eins og blaðamaður skýlir sér á bak við, heldur sé hægt að leida

fram vitni og vitnisburði sem hrekja frásögn Guðnýju Rósar. Vísa þau í því sambandi m.a. á bréf barþjóns til kærðu um atvikalýsingu á öldurhúsinu, en einnig til vitnisburðar sem leigubílstjóri gaf lögreglu við rannsókn málsins. Þau ummæli sem kærendur gera athugasemdir við í umfjöllun *Nýs lífs* og ekki eru höfð beint eftir viðmælanda blaðsins lúta að umfjöllun blaðsins um áverkalýsingar í skýrslu neyðarmóttökunnar. Um þetta segir í *Nýju lífi*: „Á neyðarmóttökunni undirgekkst Guðný læknisskoðun og voru tekin úr henni líffssýni. Í skýrslum neyðarmóttökunnar kemur fram að að hún hafi verið með áverka, svo sem finar rifur við leggöng og endaparm“ (bls. 64). Benda kærendur á að hér sé framsetning blaðsins afar villandi þar sem ekki sé talað um áverka í skýrslu neyðarmóttöku. Þess utan sé skýrt tekið fram í skýrslunni að sprungurnar sem vísað er til geti „*vel samrýmt því sem stundum sést eftir kynmök hvort heldur sem er, með eða án vilja konu*“ (leturbreyting þar).

Ásamt því að gera alvarlegar athugasemdir við umfjöllun *Nýs lífs*, gera kærendur athugasemdir við fréttatilkynningu sem kærða sendi fjölmiðlum í framhaldi af yfirlýsingu er Guðríður Jónsdóttir sendi frá sér vegna umfjöllunar *Nýs lífs*. Í yfirlýsingu kærðu, Þóru Tómasdóttur, segir: „Guðríður segir mig ekki hafa haft samband við þau Egil fyrir útkomu blaðsins. Það er rangt. Ég hringdi í Egil fyrir útkomu blaðsins, sagði honum frá umfjölluninni og gaf honum kost á að koma með athugasemdir.“ Benda kærendur á að þetta sé rangt þar sem umrætt símtal hafi átt sér stað seint að kveldi hins 28. ágúst en þá hafi verið búið að prenta blaðið og dreifing verið hafin. Ekkert tækifæri hafi því verið gefið til að koma athugasemdum á framfæri. Þá telja

kærendur sig hafa sinnt kröfu leiðréttingarákvæðis með því að koma ábendingum um rangfærslur til kærðu og einnig með óskum um að yfirlýsing Guðríðar yrði birt á heimasíðu Birtings. Hafi yfirlýsingin ekki verið birt og hafi ritstjóri ekki heldur gefið ádrátt um að leiðréttingarnar yrðu birtar. Þá benda kærendur einnig á að hér sé ekki um einföld mistök að ræða sem megi leiðrétta heldur „hreina og klára ófrægingarherferð.“ Kærða hefði mátt gera sér ljóst að vitnisburður Guðnýjar Rósar stangast á við nánast öll gögn sem til eru um málið.

Af hálfu lögmanns *Nýs lífs* eru gerðar þær kröfur að í fyrsta lagi verði málinu vísað frá siðanefndinni og til vara að komist verði að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið brotið gegn siðareglum BÍ. Krafa um frávisun málsins frá siðanefndinni er byggð á áður nefndum þremur forsendum.

Í öðru lagi gerir lögmaður *Nýs lífs* kröfu um að kærinni verði hafnað og að umbjóðandi hans hafi ekki gerst brotlegur við siðareglur BÍ. Í því samhengi bendir hann á að kært umfjöllunarefni sé af því tagi sem eigi fullt erindi við almenning og nauðsynlegt sé að ræða slík mál á þeim forsendum sem gert var í *Nýju lífi*. Raunar séu öll málsatvik þessa máls flestum Íslendingum kunn, svo mjög sem málið hafi verið í almennri umræðu undanfarin misseri. Þá hafi Egill Einarsson, aðalkærandinn, fyrir löngu síðan skapað sér stöðu opinberrar persónu, ekki síst undir fjölmiðlanafninu „Gillz“. Þá hafi sjónarmið Egils fengið að njóta sín ríkulega í fjölmiðlum. Sjónarmið og upplifun Guðnýjar Rósar af atburðum umræddrar nætur hafi á hinn bóginn aldrei heyrst opinberlega. Því hafi ekkert verið athugað við þá ákvörðun *Nýs lífs* að veita

Guðnýju Rós vettvang til að lýsa í fyrsta sinn opinberlega sinni hlið á málinu sem hafi verið til umfjöllunar í tvö ár. Fréttaflutningur í formi viðtala sé mjög mikilvægt hlutverk fjölmiðla. Í upphafi greinarinnar í *Nýju lífi* hafi þess verið sérstaklega getið að það væri ekki ætlunin að fella gildisdóm yfir kærendum (Agli og Guðríði) heldur vilji viðmælandi segja frá sinni upplifun af því sem gerðist. Ekki sé tekin af hálfu blaðsins afstaða til þeirrar

antektar á bls. 68-72 í umræddu tölublaði.

Um þann lið kærunnar að kærða hafi beitt blekkingum, rangfærslum og ósannindum til að láta líta út fyrir að hún hafi veitt kæranda, Agli, andmælarétt, bendir lögmaður *Nýs lífs* annars vegar á að hvorki siðareglur BÍ né fjölmiðlalög kveða á um andmælarétt aðila. Hins vegar bendir hann á að tilboð kærðu til Egils um að koma sjónarmiðum sínum á framfæri hafi ekki verið bundið við tímaritið (tölublaðið) sem viðtalið birtist í. Athugasemdum kæranda við umfjöllunina hafi nú verið gerð ítarleg skil í því tölublaði sem kom út næst á eftir hinu umrædda blað.



Umfjöllun

Siðanefnd hafnar kröfu lögmanns kærðu um að málinu skuli vísað frá. Ekkert hefur komið fram í málinu sem vekur raunverulegar efasemdir um að kærendur máls séu tveir. Afmörkun kæruefnis í kærðu er skýr (vísað er til brota á grein 3. og 4. í siðareglum BÍ) og ljóst er að kærendur

